

# - LÖGREGLU - MAÐURINN

1. tbl - 2007

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
1. tölublað - 23. árgangur 2007 - 59. blað



# Efnisyfirlit



Ritstjóri:
Páll Winkel



**Styrkja og efla lögregluna á öllum sviðum** 4
*- rætt við Stefán Eiríksson lögreglustjóra*



**Ofbeldi gegn börnum** 10
*– baráttuaðferðir við barnaofbeldi*



Ábyrgðarmaður:
Sveinn I. Magnússon
formaður LL



**Ég unni hag mínum vel hjá Landssambandi lögreglumanna** 15
*- segir Páll Winkel fyrrverandi framkvæmdastjóri LL.*



Starfsmenn LL:

Steinar Adolfsson
framkvæmdasjóri



**Viðtal við Steinar Adolfsson** 16
*- nýjan framkvæmdastjóra hjá LL.*



Stefanía Vigfúsdóttir
skrifstofustjóri



**Orlofshús LL sumarið 2007** 18

Próförk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Lögregla við umferðareftirlit.
Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson



**Íþróttir** 24

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is

www.ll.bsrb.is

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Skrifið stuttar greinar „það er skoðun undirritaðs"
- Ekki lengra en um 3.000 slög.
- Forðist skammstafanir
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritnefnd/ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvor efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs leyft sé þess getið hvaðan það er fengið.



# Formannshornið

*Nú þegar sól hækkar á lofti og nýtt landslag í umhverfi okkar lögreglumanna er farið að taka á sig mynd og menn farnir að sjá hjá flestum embættum hvert þeirra hlutskipti sé þá hefur talsverður fjöldi lögreglumanna haft samband við LL með hin ýmsu mál. Verður því ekki neitað að breytingarnar nú um áramót hafa farið misjafnlega í menn og mátti það verða ljóst að í svo fjölmennum hópi sem við lögreglumenn erum þá yrðu aldrei allir ánægðir.*

*Sú barátta sem skilaði áfangasigri í kjarasamningunum 2001 varðandi lækkaðan starfsaldur lögreglumanna hefur skapað það umhverfi að lögreglumenn sem nálgast starfslokaaldur telja það ekki vænlegan kost að láta af störfum á hinni svokölluðu " 95 ára reglu " þar sem ávinnslan til lífeyris árin frá 60 – 65 sé um fjórðungur af lífeyrisgreiðslum að starfsferli loknum og " kerfið " neyði menn til að vinna til 65 ára því uppbótin fyrir árin 65-70 komi ekki inn nema að menn vinni að 65 ára aldri.*

*Í breytingaferlinu undanfarið hefur umræðan um þessi mál farið vaxandi þar sem einstaka lögreglumenn sem vilja stíga frá borði áður en fullum starfsaldri er náð hafa ekki gert það sökum þessarar miklu skerðingar og því frekar setið áfram án þess að hafa nokkra ánægju af því. Ljóst má því vera að breyting í þessum málum verður ofarlega í hugum okkar við undirbúning kröfugerðar í kjarasamningum sem verða næst lausir haustið 2008. Ekki verður þó hlaupið að því að fá þessu breytt en vonandi sér ríkisvaldið sér hag í því að gera mönnum kleift að láta fyrr af störfum ásamt því að fá einhvern hluta þessa ávinnings.*

*Af vettvangi LL að öðru leyti þá má geta þess að starfsfólk okkar er að koma sér endanlega fyrir í nýju rými á 4. hæð BSRB-hússins þar sem flest nýtískusjónarmið í arkitektúr líta dagsins ljós ásamt þægilegu vinnuumverfi en sú hæð er einungis notuð af SFR og LL. Að svo mæltu óskar LL lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegs sumars.*

***Félagskveðja,***
***Hermann Karlsson***
***varaformaður LL***

# Ritstjórapistill



*Eins og flestir lögreglumenn vita var fyrir nokkrum vikum samþykkt á Alþingi breyting á almennum hegningarlögum, 106. gr. Breytingin felur m.a. í sér að refsingar vegna ofbeldis í garð lögreglumanna eru þyngdar verulega. Önnur nýmæli eru jafnframt í lögunum en m.a. verður refsivert að tálma lögreglu í störfum sínum. Þeir sem kynnst hafa starfsumhverfi lögreglumanna vita að þessar breytingar eru tímabærar og vonandi verða þær til þess að brotamenn hugsi sig um tvisvar áður en þeir ákveða að ráðast gegn lögreglu. Ég fagna þessum breytingum en tel að huga þurfi að frekari breytingum í þessu sambandi. Það er staðreynd að í opinberri umfjöllun fjölmiðla er æra nafngreindra lögreglumanna ítrekað svívirt. Oftar en ekki er þessi umfjöllun svo lágkúruleg að ekki er ástæða til að bregðast við henni opinberlega. Hins vegar má velta fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að veita opinberum starfsmönnum sem fá þess háttar útreið í miðlum bætta refsivernd þar sem slíkar árásir opinberlega geta verulega dregið úr starfsþreki þeirra sem fyrir verða og meitt æru þeirra varanlega. Ég læt eftirmönnum mínum hjá Landssambandi lögreglumanna eftir að meta þá þörf og beita sér fyrir slíkum breytingum, telji þeir ástæðu til.*

*Páll Winkel*

HEKLA hf.
HB GRANDI
ÍSMAR
Við mælum með því besta
GEVALIA
Það er kaffið



Viðamiklar breytingar á skipulagi lögreglumála urðu um síðustu áramót eins og kunnugt er. Ein af stærstu breytingunum snýr að skipulagi lögreglumála á höfuðborgarsvæðinu, en 1. janúar sl. tók til starfa embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Það tók við löggæsluverkefnum þriggja stórra lögregluliða, liðanna í Kópavogi, Hafnarfirði og Reykjavík. Síðastliðið sumar skipaði Björn Bjarnason dóms- og kirkumálaráðherra Stefán Eiríksson í embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og hefur hann frá þeim tíma sinnt því umfangsmikla verkefni að undirbúa stofnun hins nýja embættis. En hver er hinn nýi lögreglustjóri, hvar hefur hann alið manninn til þessa og hvaða áherslur verða lagðar hjá hinu nýja embætti? Heilsað var upp á Stefán fyrr í haust og lagðar fyrir hann þessar og fleiri spurningar.

# Leiðarljósið að styrkja og efla lögregluna *á öllum sviðum*

*- rætt við Stefán Eiríksson nýskipaðan lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu*

**Stefán er 36 ára gamall lögfræðingur, fæddur og uppalinn á Akureyri en flutti ungur til höfuðborgarinnar. Gefum honum orðið: „Ég er fæddur og uppalinn norður á Akureyri og rek ættir mínar í Eyjafjörðinn í móðurætt og Skagafjörð og Borgarfjörð í föðurætt. Móðir mín er fædd og uppalin í Hrísey og þar dvaldist ég á hverju sumri hjá ömmu minni þegar ég var minni. Þegar ég flutti til Reykjavíkur níu ára gamall fór ég mikið norður til Akureyrar í sumarfríum og jólafríum og var þá hjá hinni ömmu minni. Ömmur mínar, Jódís og Lára, bera því mikla ábyrgð á uppeldi mínu og þeim á ég mikið að þakka, bæði áhuga á bókmenntum og íslenskri tónlist.“**



Stefán var nemandi í Melaskóla og Hagaskóla eftir að fjölskyldan fluttist til höfuðborgarinnar og gekk síðan í Menntaskólann við Hamrahlíð. Hafði áhuginn á málefnum lögreglunnar kviknað á þeim tíma? „Eflaust, en þegar ég var í grunnskóla og menntaskóla hafði ég mikinn áhuga á leiklist og söng og stefndi satt best að segja að því að leggja leiklistina fyrir mig,“ útskýrir Stefán. „Ég lék í skólaleikritum, hjá Leikfélagi Akureyrar og Leikfélagi Kópavogs en hápunkturinn var væntanlega þegar ég lék aftari hlutann á asna í uppfærslu Þjóðleikhússins á Kardimommubænum. Það reyndist mitt síðasta hlutverk á þeim vettvangi einhverra hluta vegna. Ég söng í kór Melaskóla og síðar í hljómsveitum, en hætti því fljótlega eftir að ég byrjaði í menntaskóla enda tóku þá önnur verkefni við.“

### Blaðamennskan góður skóli

Samhliða námi í menntaskóla og að loknu stúdentsprófi starfaði Stefán sem blaðamaður á Tímanum, en fór síðan til starfa á Morgunblaðinu þar sem hann vann samhliða laganámi í fimm ár. Blaðamennskan var góður skóli að mati Stefáns: „Blaðamennska er krefjandi, fjölbreytt og skemmtilegt starf og gríðarlega góður skóli og undirbúningur fyrir svo margt. Þar þarf maður að setja sig inn í allt sem upp kemur, hafa burði til að skrifa texta hratt og vel og vinna undir mikilli pressu. Á Tímanum starfaði ég undir stjórn hins mæta manns Indriða G. Þorsteinssonar sem bjó yfir gríðarmikilli reynslu á þessu sviði og hafði sögur um hvaðeina á reiðum höndum. Þar sinnti ég meðal annars því verkefni að skrifa lögreglufréttir og hringdi því daglega í öll lögreglulið landsins, til að spyrja frétta. Þegar ég kom yfir á Morgunblaðið skrifaði ég fyrst og fremst um íþróttir og náði þannig að sameina með góðum hætti áhugamál og vinnu,“ rifjar Stefán upp.

Árið 1996 útskrifaðist Stefán sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands og hóf þegar störf í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. „Raunar byrjaði ég þar tveimur árum fyrr sem kúrsusnemi og var þá aðallega í verkefnum á sviði sifja- og persónuréttar, og þannig var það einnig fyrstu mánuðina eftir að ég hóf formlega störf í ráðuneytinu. Haustið 1996 kom ég til starfa á dómsmála- og löggæsluskrifstofu ráðuneytisins og hóf þá afskipti af málefnum lögreglunnar auk annarra viðfangsefna. Eitt af fyrstu verkefnunum sem ég tók að mér var ritarastarf í nefnd sem vann að undirbúningi gildistöku lögreglulaganna og stofnun ríkislögreglustjóraembættisins og síðan fylgdu í kjölfarið fjölmörg verkefni á sviði löggæslu og öryggismála,“ segir Stefán. Hann var meðal annars formaður nefndar um aldurssamsetningu lögreglumanna sem sett var á laggirnar árið 1997 en á grunni skýrslu sem sú nefnd

*Ég söng í kór Melaskóla og síðar í hljómsveitum, en hætti því fljótlega eftir að ég byrjaði í menntaskóla enda tóku þá önnur verkefni við.“*



*Mikilvægt er að borgarar geti komið ábendingum um það sem betur má fara á framfæri við lögreglu með aðgengilegum hætti, sem og öðrum upplýsingum sem eru mikilvægar lögreglu. Það er ekki síður mikilvægt að lögreglan geti komið upplýsingum áleiðis til borgaranna beint, til dæmis með tölvupósti ef vara á við vaxandi innbrotatíðni á tilteknu svæði eða óska eftir upplýsingum frá íbúum í einstökum hverfum*

vann var starfslokaaldur lögreglumanna lækkaður niður í 65 ár. Telur hann ástæðu til að ganga lengra á því sviði? „Það á tvímælalaust að skoða það nánar, enda margt sem mælir með því," segir Stefán hiklaust. Lögreglustarfið er erfitt og flókið starf, og í því starfi reynir á margt sem lítið sem ekkert þekkist í öðrum störfum. Í mínum huga hefur lögreglustarfið mikla sérstöðu hvað þetta varðar umfram önnur störf. Það er hins vegar spurning hvort ekki eigi að nálgast frekari lækkun starfslokaaldurs með því að auka möguleika á sveigjanlegum starfslokum, til dæmis þegar 60 ára aldri er náð. Margir lögreglumenn á aldrinum 60 – 65 ára eru meðal þeirra bestu sem við eigum og eru til dæmis sérlega færir í verkefnum á borð við hverfa- og grenndarlöggæslu, þar sem reynir á svo marga þætti í starfi lögreglunnar og víðtæk reynsla getur þar skipt sköpum við úrlausn einstakra verkefna. Þá hæfileika og starfskrafta eigum við svo sannarlega að nýta til góðra verka og því held ég að aukinn sveigjanleiki hvað starfslok varðar sé leiðin að markinu."

Stefán starfaði í sendiráði Íslands í Brussel frá árinu 1999 til 2001, en þá var hann skipaður skrifstofustjóri dómsmála- og löggæsluskrifstofu ráðuneytisins, en því starfi gegndi hann þar til hann var skipaður lögreglustjóri sl. sumar. Árið 2003 skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra Stefán formann verkefnisstjórnar um nýskipan lögreglumála og markaði það starf upphafið að þeim breytingum sem nú eru að verða á skipulagi lögreglumála. Verkefnisstjórnin skilaði ítarlegri skýrslu sinni árið 2005 og í kjölfarið var Stefáni falið að stýra framkvæmdanefnd, sem fékk það verkefni að útfæra nánar tillögur verkefnisstjórnarinnar og samræma þær hugmyndum lögreglumanna, sýslumanna og fleiri aðila.

## Sameiningarumræða ekki ný af nálinni

*Hvaða atriði voru höfð að leiðarljósi í þessari vinnu allri?*

„Umræða um breytingar á skipulagi lögreglunnar og þar á meðal fækkun lögregluumdæma hefur verið lengi í gangi og umræður til dæmis um sameiningu lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu var í gangi fyrir rúmum tuttugu árum síðan," útskýrir Stefán. „Það sem breyst hefur á allra síðustu árum er að sífellt meiri og strangari kröfur eru gerðar til lögreglunnar af hálfu fjölmargra aðila og því minni sem starfseiningarnar eru því erfiðara er fyrir þær að standa undir þessum fjölbreyttu og auknu kröfum. Lögreglumenn og Landssamband lögreglumanna tóku ákveðið frumkvæði í umræðu um þessi mál og kölluðu þannig eftir stefnumörkun af hálfu stjórnvalda. Þetta má segja að sé á vissan hátt bakgrunnur þess að umrætt breytingaferli fór allt saman í gang. Einnig má vísa til umræðu á svipuðum nótum í nágrannalöndum okkar, bæði Noregi og Danmörku. Sýslumenn og lögreglustjórar hafa einnig rætt þessi mál en í þeirra hópi var lengi vel ekki jafnskýr samhljómur og meðal lögreglumanna. Menn voru þó sammála um það grundvallaratriði að leita þyrfti leiða til að styrkja og efla einingarnar þannig að þær væru betur í stakk búnar til að takast á við sín verkefni, þó svo að leiðirnar hafi verið mismunandi. Leiðarljósið í þessari vinnu hefur frá upphafi verið einmitt það að efla og styrkja lögregluna í landinu."

*Var eitthvað sem kom þér á óvart í þessu ferli þegar verið var að móta tillögur og vinna að útfærslu?*

„Í sjálfu sér ekki, en það kom hins vegar skemmtilega á óvart hvað menn voru áhugasamir í þessari umræðu allri og raunar tilbúnir í að ráðast í breyt-

ingar. Sérstaklega skynjaði ég þetta skýrt meðal lögreglumanna. Í framkvæmdanefndinni störfuðu með mér Kjartan Þorkelsson sýslumaður og Óskar Bjartmarz yfirlögregluþjónn sem opnaði í báðum tilvikum góða leið inn í raðir sýslumanna og lögreglumanna og gaf þessum hópum gott tækifæri til að koma að útfærslu og mótun hugmyndanna. Báðir eru þeir með eindæmum framsýnir, hugmyndaríkir og úrræðagóðir og þægilegir í öllu samstarfi, og höfðu bara eitt að markmiði í sinni vinnu; að efla og styrkja lögregluna í landinu.“

*Margir eru þeirrar skoðunar að ekki hafi verið gengið nægilega langt í þessum breytingum sem nú eru að ganga í garð, fækka ætti lögregluumdæmum og stækka enn meira, jafnvel ganga svo langt að skilja alfarið á milli verkefna sýslumanna og lögreglustjóra eins og brátt verður reyndin bæði á öllu höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Hvað segir hinn nýi lögreglustjóri um það?*

„Þessi sjónarmið voru öll skoðuð nákvæmlega í framkvæmdanefndinni,“ bendir Stefán á. Það þarf í sjálfu sér ekki að minna á það að í skýrslu verkefnisstjórnar um nýskipan lögreglumála er það lagt til að embættunum verði fækkað umtalsvert og þau verði ekki nema 5 – 7 talsins á landsvísu. Önnur sjónarmið voru uppi, meðal annars meðal sýslumanna, sem töldu ástæðu til þess að stíga varlega til jarðar. Það má segja að tillögur framkvæmdanefndarinnar séu málamiðlun á milli þeirra sjónarmiða sem vildu ganga langt og hinna sem vildu ganga skemur. Í mínum huga kemur örugglega að því að menn skoði það vandlega að skilja alfarið á milli starfsemi sýslumanna og lögreglu alls staðar á landinu, og fækka þá um leið lögregluembættunum enn frekar. Hvort ráðist verður í það í nánustu framtíð er ómögulegt að segja, það fer að hluta til eftir því hvernig til tekst með þær breytingar sem nú eru að verða. Það má heldur ekki gleyma því að starfsemi sýslumannsembættanna er ansi mikilvæg fyrir byggðir landsins og sú stefna sem dómsmálaráðherra rekur um eflingu þeirra skiptir því miklu máli. Í mínum huga hefur til dæmis tekist afar vel til með stofnun sérstakrar innheimtumiðstöðvar á Blönduósi og sýslumaðurinn þar ásamt sínu öfluga starfsfólki sýnt þar ákaflega gott frumkvæði.“

## Áherslur framtíðarinnar

*En nóg um fortíðina og aðdraganda þeirra breytinga sem fram undan eru. Hvaða áherslur verða lagðar hjá nýju embætti á höfuðborgarsvæðinu?*

„Í byrjun október kynnti dómsmálaráðherra grundvallaratriðin í stefnumörkun nýs embættis og bráðabirgðaskipulag þess. Grundvallarstefnan er sú að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dveljast á höfuðborgarsvæðinu, sem og að fækka afbrotum á nánar skilgreindum sviðum. Þetta er í sjálfu sér hvorki frumlegt né óvænt, þetta er í mínum huga grundvallarhlutverk lögreglu hvar sem hún starfar. Til þess að ná þessum markmiðum verður horft til ýmissa þátta eins og aukinnar sýnilegrar löggæslu og eflingar hverfa- og grenndarlöggæslu, auk þess sem lögð verður áhersla á forvarnastarf og samvinnu við ýmsa aðila, bæði sveitarfélög og stofnanir sem og einkaaðila. Við stefnum einnig að því að bæta rannsóknir sakamála og auka skilvirkni, og vinnum að því með því að auka sérhæfingu á öllum sviðum sem og samvinnu lögfræðinga og rannsóknarlögreglumanna. Ýmis önnur atriði skipta máli í þessu sambandi, bæði inn á við og út á við: Við stefnum að því að auka til muna upplýsingamiðlun til almennings í gegnum Netið, meðal annars um afbrotatíðni, stöðu og þróun mála eftir einstaka hverfum og sveitarfélögum, og enn fremur að auka möguleika til gagnvirkra samskipta á Netinu. Mikilvægt er að borgarar geti komið ábendingum um það sem betur má fara á framfæri við lögreglu með aðgengilegum hætti, sem og öðrum upplýsingum sem eru mikilvægar lögreglu. Það er ekki síður mikilvægt að lögreglan geti komið upplýsingum áleiðis til borgaranna beint, til dæmis með tölvupósti ef vara á við vaxandi innbrotatíðni á tilteknu svæði eða óska eftir upplýsingum frá íbúum í einstökum hverfum. Hvað upplýsingamiðlun varðar er innri upplýsingamiðlun ekki síður mikilvæg en lögð verður áhersla á það hjá hinu nýja embætti. Hvað önnur innri málefni varðar skipta starfsmannamálin og starfsmannastefnan gríðarlega miklu máli, enda ræðst árangur af starfseminni ekki síst af því að vel sé haldið á þeim málum. Horft verður til mikilvægra þátta í því sambandi eins og starfsumhverfis, sveigjanleika, heilsu, jafnréttis og fleiri þátta, þar á meðal starfsþróunar,“ segir Stefán. „Það eitt og sér er í mínum huga mjög mikilvægt, en markmiðið er að starfsþróunaráætlun eða ferill verði sett upp fyrir hvern og einn starfsmann. Hugmyndin á bak við það er að starfsmaður og hans næsti yfirmaður kortleggi í sameiningu áhuga og getu viðkomandi starfsmanns og marki hans starfsþróunarmálum ákveðin feril, með það að markmiði að styrkja starfsmanninn í þeim verkefnum sem hann er að sinna eða hefur áhuga á að takast á við í framtíðinni. Þetta kallar á náið samstarf við Lögregluskóla ríkisins sem og góða þekkingu á því sem í boði er á erlendum vettvangi. Ég er sannfærður um að nálgun af þessu tagi geri okkur kleift með skipulegum hætti að efla og styrkja lögregluna enn frekar á fjölmörgum sviðum.“



*„Umræða um breytingar á skipulagi lögreglunnar og þar á meðal fækkun lögregluumdæma hefur verið lengi í gangi og umræður til dæmis um sameiningu lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu vöru í gangi fyrir rúmum tuttugu árum síðan,“*

*„Staða kvenna innan lögreglunnar hefur styrkst mikið undanfarin ár og vegur þeirra er vaxandi. Sama þróun er fyrirsjáanleg hvað stjórnunarstöður varðar innan tíðar,“*

*Hvað með stöðu kvenna innan lögreglunnar, er að því stefnt að huga að því sérstaklega hjá hinu nýja embætti?*

„Staða kvenna innan lögreglunnar hefur styrkst mikið undanfarin ár og vegur þeirra er vaxandi. Sama þróun er fyrirsjáanleg hvað stjórnunarstöður varðar innan tíðar,“ spáir Stefán. „Ég hef fundað með forsvarsmönnum tengslanets lögreglukvenna og hlustað eftir þeirra áherslum og sjónarmiðum og er sammála nánast öllum þeim atriðum sem þær leggja áherslu á, til þess einmitt að auka hlut kvenna og styrkja stöðu þeirra innan lögreglunnar. Þar á meðal eru atriði sem snúa að sveigjanlegum vinnutíma. Raunar er ég þeirrar skoðunar að lögreglan eigi að taka til alvarlegrar skoðunar að taka upp sveigjanlegt vakt- og vinnutímakerfi, en reynslan af notkun slíkra kerfa hefur verið góð, bæði fyrir starfsmenn og viðkomandi stofnun eða starfseiningu. Að því verður unnið í náinni samvinnu við starfsmenn embættisins og Landssamband lögreglumanna að taka upp slíkt vinnutímakerfi hjá hinu nýja embætti þegar fram í sækir.“

## Áfallahjálp og stuðningur í öndvegi

*Vinnuumhverfi lögreglumanna er oft ekki aðlaðandi og mörgum lögreglumönnum finnst ekki vera nægilega fast tekið á þeim sem gerast sekir um ofbeldi í garð lögreglumanna. Hvað finnst Stefáni um þessi mál og önnur atriði sem snúa að starfsumhverfi lögreglumanna?*

„Árás á lögreglumann sem er við skyldustörf er í mínum huga afar alvarlegt afbrot og ber að taka á því af hálfu ákæruvalds og dómstóla í samræmi við það,“ segir Stefán og leggur ríka áherslu á orð sín. „Af þeim sökum verður málum af þessu tagi fylgt eftir af fullum þunga af minni hálfu. Þær breytingar sem dómsmálaráðherra hefur boðað að hann muni beita sér fyrir á viðeigandi ákvæðum hegningarlaga, til þess einmitt að undirstrika þetta atriði, eru í mínum huga fagnaðarefni. En það er einnig mikilvægt að hugað verði að öðrum atriðum eins og til dæmis stuðningi og áfallahjálp gagnvart lögreglumönnum þegar upp koma erfið mál eða tilvik. Þetta tengist einmitt því sem ég nefndi áðan varðandi starfsmannamálin, það er forgangsmál að halda vel utan um alla þætti sem þeim mikilvæga málaflokki tengjast.“

*Nú hefur undirbúningur vegna stofnunar nýs embættis staðið yfir í nokkra mánuði, hvernig hefur hann gengið að öllu virtu?*

„Almennt hefur þetta gengið afar vel og raunar betur en ég þorði að vona,“ játar Stefán. „Það byggist fyrst og fremst á því með hversu jákvæðum hætti starfsmenn embættanna þriggja á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið þessum breytingum. Vissulega hefur þessu fylgt óvissa, til dæmis þegar ekki lá fyrir hvernig mönnum yrði raðað niður til starfa, en slíkt er óhjákvæmilegt þegar gengið er í gegnum breytingarferli. Flestir starfsmenn líta á þessar breytingar sem tækifæri, tækifæri til þess meðal annars að koma á framfæri góðum hugmyndum sem ekki hefur verið unnt að hrinda í framkvæmd til þessa og tækifæri til þess að búa til og móta nýja stofnun og nýja starfsemi. Það er í rauninni einstakt tækifæri sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fær með tilkomu þessa nýja embættis til að móta nýja stofnun frá grunni og ákaflega gaman að fá að taka þátt í því skemmtilega verkefni.“

## Eigum að vera frumkvöðlar

*Hver er framtíðarsýn þín á lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og raunar á öllu landinu? Höfum við burði til þess að vera á meðal þeirra bestu í okkar næstu nágrannalöndum?*

„Við eigum í þessu eins og öðru að setja markmið hátt. Til að byrja með skulum við hins vegar einbeita okkur að því að koma skipulagsbreytingunum í höfn og nýju embætti í gang en þegar til lengri framtíðar er litið eigum við að setja markmið hátt. Það góða við löggæsluna hér á landi um þessar mundir er að þar eru svo margir gríðarlega góðir hlutir í gangi og því auðvelt að byggja áfram upp á þeim góða grunni sem fyrir liggur. Á höfuðborgarsvæðinu má nefna fjölmörg atriði eins og Hringsverkefnið í Grafarvoginum, for-





varnastarf lögreglunnar í Hafnarfirði og samvinnu við sveitarfélagið þar um ýmis forvarnamál, metnaðarfullt starf tæknideildarinnar, góðan árangur á sviði fíkniefnamála bæði hjá lögreglunni í Reykjavík og sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, góðan árangur við fækkun innbrota hjá öllum lögregluliðunum á höfuðborgarsvæðinu og síðan hið frábæra samstarf margra aðila í björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. Mörg fleiri atriði mætti nefna í þessu samhengi. Á þessum styrku stoðum eigum við að byggja til framtíðar og bæta fleiri stoðum við, þar sem við getum meðal annars byggt á okkar sérhæfingu og sérstöðu. Sem dæmi má nefna að þau áform ríkisstjórnarinnar að byggja upp Tetra-fjarskiptakerfið á landsvísu er gríðarlega mikilvægt öryggisatriði fyrir landsmenn alla og gefur okkur um leið fjölmörg tækifæri til frekari og öflugri þróunar á þeim vettvangi. Við eigum einnig að horfa til þess að vera frumkvöðlar með því til dæmis að prófa með skipulegum hætti mismunandi aðferðir við löggæslu og bera saman á fræðilegum forsendum, og miðla þeim niðurstöðum með viðeigandi og vísindalegum hætti. Við þurfum einnig að huga að því að setja alla starfsemi lögreglunnar inn í fasta verkferla og stefna að því að fá okkar starfsemi vottaða eins og menn þekkja fyrst og fremst úr einkageiranum. Með því að nálgast okkar verkefni á þessum nótum myndum við sjálfkrafa efla og styrkja lögregluna á öllum sviðum. Ef okkur lánast að vinna að þessum málum á þessum grunni ættum við innan nokkurra ára að geta borið okkur saman við það sem best gerist í nágrannalöndum okkar,“ segir Stefán.

*En hvað með fjárveitingar til löggæslu, er ekki nauðsynlegt að stórefla þær ef ná á markmiðum af þessu tagi?*

„Fjárveitingar til löggæslu hafa aukist mikið undanfarin ár, í samræmi við aukna þörf og aukna áherslu á löggæslustörf og forvarnir. Auðvitað verða fjárveitingar til löggæslu að vera viðunandi ef við eigum að standa undir árangri af þessu tagi. Við skulum hins vegar horfa til þess að markmið þessara skipulagsbreytinga sem nú eru fram undan eru einmitt þau að nýta betur en áður hefur verið mögulegt þá fjármuni sem varið er til löggæslumála á hverju ári og ná fyrir vikið meiri krafti út úr því fjármagni. Það stendur síðan upp á okkur sem ábyrgð berum á þessum málum að sannfæra stjórnmálamenn um frekari fjárveitingar til þessa málaflokks, ef þörf krefur,“ segir Stefán með festu. „Það gerum við ekki með því að segja að það sé svo mikið að gera og þess vegna þurfum við meiri pening, heldur gerum við það með því að skilgreina verkefni lögreglunnar, áhersluatriði á hverjum tíma og forgangsatriðin, og haga skipulagi lögreglunnar og einstakra liða í samræmi við þær áherslur. Á þeim grunni getum við með nokkuð góðri vissu sagt stjórnmálamönnunum hvaða árangri við getum náð á hverjum tíma. Ef krafa er uppi um enn meiri eða betri árangur á tilteknum sviðum er það okkar hlutverk að skilgreina hvernig því verður best náð og leggja hugmyndir og tillögur á borðið fyrir stjórnmálamennina. Nálgun af þessu tagi er í mínum huga miklu líklegri til árangurs en margar aðrar aðferðir sem menn sjá og þekkja í opinberri umræðu samtímans.“

## Er líf utan skrifstofunnar?

*Að lokum – hvernig er persónulegum högum lögreglustjórans háttað og hefur hann einhvern tíma fyrir tómstundir þessa dagana?*

„Ég er kvæntur Helgu Snæbjörnsdóttur kennara og á með henni tvo stráka sem heita Snæbjörn, átta ára, og Þorsteinn, tæplega hálfs árs. Með fyrri konu minni á ég líka tvo stráka, Hlyn Davíð, sautján ára, og Birki Helga, fimmtán ára. Við búum í Laugarneshverfinu í Reykjavík og höfum gert frá því að við fluttum heim frá Brussel árið 2001. Þar kann ég ágætlega við mig þrátt fyrir að þar sé kannski heldur lítið um KR-inga,“ segir Stefán glaðhlakkalega. „Það er rétt að tíminn fyrir tómstundir er ekki mikill, ég reyni þó að spila fótbolta einu sinni til tvisvar í viku með misjöfnum árangri. Golfkylfurnar hef ég lítið sem ekkert snert þetta árið. Ég hef gaman af því að elda mat og baka brauð, hlusta á íslenska tónlist og er mikill aðdáandi söngvara á borð við Alfreð Clausen, Erlu Þorsteins og Ingibjörgu Þorbergs og hlusta mikið á slíka tónlist. Síðast en ekki síst er ég mikill aðdáandi Eurovision-söngvakeppninnar og hefur það eiginlega ágerst með árunum einhverra hluta vegna. Þegar vinir mínir hringdu til að óska mér til hamingju með skipun í embætti lögreglustjóra fylgdi iðulega áhyggjufull spurning um það hvort við hjónin myndum hætta að halda okkar árlegu Eurovision-partý vegna þessa. Ég hef fullvissað menn um að á því verði ekki breyting þrátt fyrir nýtt og ábyrgðarmikið starf,“ segir hinn nýskipaði lögreglustjóri og er þetta loforð hans endapunktur spjalls okkar.

***Við þökkum honum kærlega fyrir.***
***Páll E. Winkel***

*Ég hef gaman af því að elda mat og baka brauð, hlusta á íslenska tónlist og er mikill aðdáandi söngvara á borð við Alfreð Clausen, Erlu Þorsteins og Ingibjörgu Þorbergs og hlusta mikið á slíka tónlist. Síðast en ekki síst er ég mikill aðdáandi Eurovision-söngvakeppninnar og hefur það eiginlega ágerst með árunum einhverra hluta vegna.*





# Ofbeldi *gegn börnum*

## – baráttuaðferðir við barnaofbeldi



*Stefán Örn Guðjónsson*
*rannsóknarlögreglumaður*

**Dagana 24. – 27. október 2006 fór greinarhöfundur í boði Lögregluskóla ríkisins og lögreglustjóraembættisins í Reykjavík á námskeið í Münster í Þýskalandi, en það bar heitið „Ofbeldi gegn börnum – baráttuaðferðir við barnaofbeldi“ (Child Abuse – Counter Strategies against Child Abuse).**

**Eins og fram kemur á lögregluvefnum hefur lögregluskólinn milligöngu um að senda lögreglumenn og aðra starfsmenn lögreglunnar á margs konar námskeið erlendis og er þá helst að nefna námskeið á vegum samtakanna CEPOL sem stendur fyrir “European Police College Network” – samtök lögreglumenntastofnana Evrópusambandslandanna. Samtökin voru stofnuð af ráðherraráði Evrópusambandsins (ESB) í desember árið 2000 og starfa sem framhaldsskóli fyrir lögreglu án sérstakrar staðsetningar, en skólaráðið samanstendur af skólastjórum lögregluskóla aðildarlandanna. CEPOL-námskeiðin eru oftast samstarfsverkefni tveggja eða fleiri lögreglumenntastofnana, sem skiptast á að halda þau í heimalandi sínu. Meðal helstu viðfangsefna sem tekin eru fyrir eru þau sem á ensku eru kölluð “cross-boarding crimes“ (þ.e. glæpurinn á sér stað í fleiri en einu landi – virðir ekki landamæri) innan Evrópu og alþjóðleg glæpastarfsemi almennt.**

Þetta námskeið var haldið í þýska lögreglustjórnendaskólanum, Polizei- Führungsakademie (PFA), sem staðsettur er í borginni Münster í norðvesturhluta Þýskalands, nærri landamærum Hollands. Það má segja um námskeiðið, að það var meira í formi ráðstefnuhalds en kennslu því þarna komu fagmenn saman til að bera saman bækur sínar og ræða stöðu mála. Þátttakendur voru 24 víðs vegar að úr Evrópu. Fyrirlestrar voru haldnir og síðan voru hringborðsumræður um málin,



þar sem fulltrúar landanna gerðu grein fyrir stöðu mála í heimalandi sínu.

Dagskrá námskeiðsins, sem stóð í fjóra daga, var á þann hátt að í byrjun var yfirlit yfir umræðuefnið og almenn kynning þátttakenda á þeim sjálfum, sérþekkingu og þjálfun. Þá voru fyrirlestrar og umræður um:

- Mismun á ástandi og viðbrögð hinna ýmsu þjóða
- Kynferðislega misnotkun á börnum – fyrirbærið – tíðni
- Líkamlegt ofbeldi og vanrækslu á börnum
- Barnaklám á Netinu
- Unga kynferðisbrotamenn
- Öflun sönnunargagna
- Yfirheyrslur – tækni og mismunandi aðferðir
- Andlegan stuðning fyrir fagfólkið

Í lokin var mat á námskeiðinu, umræður, lokaræða og afhending skírteina





Fram kom að markmið þessarar námstefnu væri að þátttakendum gæfist kostur á  að ræða mismunandi reynslu og svið barnaofbeldis í Evrópu. Þeir ættu að fá næga þekkingu til að vita um viðeigandi lögregluaðgerðir gegn barnaofbeldi, þar á meðal öflun sönnunargagna, samvinnu milli deilda og stuðning við fórnarlambið. Þá kom fram, að við lok námskeiðsins ættu þátttakendur að:

- Hafa aukinn skilning á umfangi vandamálsins og samfélagslegum orsökum
- Þekkja betur hinar mismunandi hliðar barnaofbeldis
- Þekkja betur hinar mismunandi aðferðir sem lögregluembætti Evrópu nota til lausnar þessara vandamála
- Átta sig betur á þýðingu þess að nýta vitneskju og samvinnu hinna ýmsu starfsstétta og fagmanna og vita hvernig á að tryggja sér hana
- Vita um þær breytingar á lögum og reglum hinna ýmsu landa er snerta þetta vandamál

Í umræðunum kom fram, að það væri staðreynd, að ofbeldi gegn börnum væri oft hulið og jafnvel félagslega samþykkt. Ofbeldið gæti birst í hinum ýmsu myndum, t.d. í kynferðislegu ofbeldi, líkamlegum eða niðurlægjandi refsingum, vanrækslu, pyndingum, vinnuþrælkun, misnotkun, skaðlegum hefðum eins og umskurði stúlkna, þvinguðu hjónabandi á unga aldri, nauðgunum, mismunun, heiðursmorðum og áfram mætti telja. Daglegt líf barna væri samofið ofbeldi af einhverju tagi og í flestum tilfellum væri um að ræða hulið ofbeldi, þannig að tölulegar upplýsingar sýndu aðeins lítið brot af vandamálinu. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) áætlaði árið 2002 að 53 þúsund börn á aldrinum 0 – 17 ára hefðu verið myrt og Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) áætlar að 5,7 milljónir barna hafi verið þvingaðar til vinnu árið 2000 en 1,8 milljónir barna hafi verið þvingaðar til vændis eða til starfa í klámiðnaðinum og  1,2 milljónir barna hafi orðið fórnarlömb mansals það ár. Ofbeldi er helst talið eiga sér stað á fimm stöðum, þ.e. á heimilinu, innan fjölskyldunnar, í skólum, í umönnunar- og dómskerfinu, á vinnustöðum og í samfélaginu sjálfu.

Athyglisvert efni var um yfirheyrslur og tækni þeim samfara, ekki hvað síst gagnvart börnum fyrir dómi. Fjallað var um svokallaðar “PEACE”-minnisreglur við allar almennar yfirheyrslur, sem útfærast þannig, þýtt lauslega:

- Planning and preparation – Áætlun og undirbúningur
- Engage and Explain – Taka þátt í og útskýra
- Account, Clarification and Challenge – Greinargerð, útskýra og véfengja.
- Closure – Samantekt, endir.
- Evaluation – Mat.

Þá var fjallað um samtalstækni og farið m.a. inn á það, að sem spyrjandi beri maður ábyrgð á því að hefja og halda uppi samræðum við þann sem situr fyrir svörum. Skoða þarf grundvallareinkenni samtala og einkum þarf að hafa í huga eftirfarandi:

- Hvernig á að gera samskiptin persónuleg.
- Nauðsyn þess að hlusta vel.
- Tala til skiptis og leyfa viðmælandanum að komast að.
- Hvernig umræðuefninu miðar áfram í samtalinu.
- Að spyrja réttra spurninga.
- Að hafa stjórn á hvernig samtalinu miðar áfram.

*Í umræðunum kom fram, að það væri staðreynd, að ofbeldi gegn börnum væri oft hulið og jafnvel félagslega samþykkt. Ofbeldið gæti birst í hinum ýmsu myndum, t.d. í kynferðislegu ofbeldi, líkamlegum eða niðurlægjandi refsingum,...*





*Í Þýskalandi eru margir mismunandi menningarheimar og landsvæði, sem hafa sérstakar erfðavenjur og mállýskur. Þessi innri breytileiki hefur verið við lýði öldum saman (fylki, ríki, kjörfurstadæmi, konungsríki) en sameiginlega mynda þau nú ytri samstöðu með sameiginlega stjórnsýslu í ýmsum málum. Sambandslýðveldið, en í því eru 16 sjálfstæð fylki, sem hvert um sig hefur sína stjórnarskrá, stjórn og lögreglu.*

Þetta er tækni, sem spyrjandinn verður að tileinka sér til að úr verði samtal sem sá sem situr fyrir svörum er hvattur til að taka þátt í.

Í samantekt um samtalstækni má segja að hún hjálpi til við að koma samtali af stað og auðveldar að halda því gangandi. Þessi tækni innifelur eftirfarandi:

- Að hafa þægilega nærveru.
- Að persónugera samskipti sem miðar að því að koma á faglegum samskiptum.
- Tala til skiptis.
- Hlusta vel til að missa ekki af þýðingarmiklum upplýsingum.
- Finna umræðunum farveg.
- Sýna áhuga á því sem viðmælandinn segir.
- Hjálpa viðmælandanum að gefa rétta og nákvæma skýrslu.
- Nota viðeigandi spurningar til að hvetja viðmælendur til að gefa sem nákvæmasta skýrslu.
- Skrifa hjá sér til að upplýsingar misfarist ekki eða gleymist.
- Undirstrika atriði sem þarfnast útskýringa.

**Þýska lögreglan**

Í Þýskalandi eru margir mismunandi menningarheimar og landsvæði, sem hafa sérstakar erfðavenjur og mállýskur. Þessi innri breytileiki hefur verið við lýði öldum saman (fylki, ríki, kjörfurstadæmi, konungsríki) en sameiginlega mynda þau nú ytri samstöðu með sameiginlega stjórnsýslu í ýmsum málum. Sambandslýðveldið, en í því eru 16 sjálfstæð fylki, sem hvert um sig hefur sína stjórnarskrá, stjórn og lögreglu.

Aðalviðfangsefni ríkisstjórnar, það að tryggja öryggi borgaranna jafnframt því að tryggja réttindi þeirra, er svo skipt á milli fylkjanna og Sambandslýðveldisins. Þannig nær því „þýska lögreglan" yfir 19 stofnanir sem eru óháðar hver annarri.

Almenn lög fela sjálfu lýðveldinu einungis lögregluvald í vissum tilvikum. Lögregluembætti Sambandslýðveldisins eru Landamæravarsla ríkisins (Bundespolizei- BuPol) og Rannsóknarlögregla ríkisins (Bundeskriminalamt – BKA), sem heyra undir innanríkisráðherrann og Lögregla ríkisþingsins í Berlín (Polizei des Bundestags) sem heyrir undir forseta þingsins. Að mestu leyti heyrir því löggæsla undir fylkin, hvert fyrir sig. Lögregla hvers fylkis er því kunnug lögum þess og reglum, stofnunum og menntakerfi.

Í sumum fylkjum hefur fulltrúi almannavaldsins heimild til að stjórna lögreglunni, en í öðrum fylkjum lýtur lögreglan eingöngu lögregluyfirvöldum. Yfirvöld, bæði stjórnsýsluleg og lögreglumála, eru í höndum innanríkisráðherra hvers fylkis. Í málum sem snerta löggæslu og innra öryggi vinna stjórnir Sambandslýðveldisins og fylkjanna saman og samræma aðgerðir í „Fastanefnd innanríkisráðherranna".

Nánast öll lögregluembætti eru eins uppbyggð. Allir lögreglumenn hljóta sams konar grundvallarþjálfun sem tekur til allra þátta lögreglustarfsins. Ef þeir uppfylla ákveðin skilyrði og hæfniskröfur geta þeir skipt um starfssvið á ferli sínum og komist í hærri eða hæstu stöður. Grunnhugmyndin á bak við þetta er sú, að lögreglan er aðeins „ein" og hefur aðeins „eitt hlutverk" sem er að forða hættuástandi, koma í veg fyrir glæpi og að upplýsa lögbrot.

Fyrir þá sem gera lögreglustarfið að atvinnu skiptist það samkvæmt hefð í þrjá flokka. Í fyrsta flokknum eru almennir lögreglumenn og millistjórnendur, í efri flokknum eru æðri stjórnendur í rannsóknar- og/eða í almennu lögreglunni og í hæsta flokki eru svo æðstu stjórnendur en í honum eru u.þ.b. 2% allra lögreglumanna. Þetta kerfi er í endurskoðun hjá þýsku lögreglunni og í sumum fylkjum hefur verið farið inn á þá braut að hafa flokkana einungis tvo í stað þriggja. Þar sem tveggja flokka kerfið ríkir er uppröðun öðruvísi en í grunninn byggjast bæði þessi kerfi upp á lögreglumönnum sem eru að sækja sér æðri menntun eða stjórnunarmenntun. Þessi menntunarkerfi hjá þýsku lögreglunni eru ekki alfarið sambærileg við lögregluna á Íslandi. Í sumum fylkjunum tekur því tvö ár, í öðrum þrjú, að ná þeirri hæfni að koma til greina við stöðuhækkun. Námið fer fram í viðkomandi fylkis- eða ríkislögregluskóla en endar loks sameiginlega fyrir alla nemendur frá öllum lögregluumdæmum í Lögreglustjórnendaskólanum (Polizei – Führungsakademie PFA).

Það sem mestu máli skiptir er að þeir sem lokið hafa prófi þaðan verði færir um að stjórna stærri lögreglustöðvum og starfssveitum, leiða sérsveitir í átökum, sjá um að stjórna sérverkefnum sem tengjast æðstu stjórn ríkisins eða fylkjanna, vinna úr hugmyndum í sambandi við starfsemi og þróun lögreglunnar og leggja lið frekara námi lögreglumanna. Til að ná þessum markmiðum nær námið til allra sviða löggæslu í öllum deildum og lögreglumenn úr öllum lögregluembættum ríkjanna eru menntaðir saman. Á þann hátt næst líka fram annað



meginmarkmið námsins: Með sameiginlegu námi læra væntanlegir yfirmenn um aðrar deildir og þær reglur sem þar gilda og byggja þannig upp persónuleg tengsl við starfsbræður sína í öllum fylkjunum og Sambandslýðveldinu. Aðilar skólans taka þátt í alþjóðlegum samvinnuhópum eins og CEPOL, rannsóknarverkefnum og/eða skyldum evrópskum lögregluverkefnum.



**Lögreglustjórnendaskólinn**

Lögreglustjórnendaskólinn, Polizei Führungsakademie (PFA), er stofnsettur og kostaður sameiginlega af öllum sextán fylkjum Þýskalands hverju fyrir sig og hinum þremur lögregludeildum Sambandslýðveldisins.

Tilgangurinn með honum er að samræma menntun reyndari (hærra settra) lögreglumanna og mennta verðandi stjórnendur í hinum ýmsu lögregluembættum. Skólanum er stjórnað af stjórnarnefnd, sem í eru að mestu leyti yfirmenn lögregluembætta í fylkjunum. Í skólanum eru að jafnaði þrjú þúsund nemendur og af þeim um 15% erlendir (450). Við skólann vinna um 165 manns við hin ýmsu störf og kostnaður er um 9,2 milljónir evra á ári.

Námskrár eru aðallega tvær. Annars vegar tveggja ára samfellt nám fyrir reyndari lögreglumenn og hins vegar sex mánaða samfellt nám fyrir þá sem lokið hafa lögfræðiprófi auk almenns lögregluskóla. Í skólanum eru haldin um 50 námskeið á ári, sem standa í 3 – 5 daga. Af þeim eru 20% alþjóðleg.

Árið 1998 voru teknar ákvarðanir um framtíð skólans á ráðstefnu innanríkisráðherra þýsku fylkjanna og samþykkt að breyta ýmsum þáttum námsins þannig að það samræmdist betur háskólastigi og alþjóðlegum stöðlum. Samkvæmt því mun nafninu verða breytt í október 2007 í Þýski lögregluháskólinn.

**Borgin**

Münster er um þessar mundir best þekkt sem nafntoguð háskólaborg í Þýsklandi. Saga hennar nær aftur til ársins 973 þegar Karl mikli keisari lét stofna þar klaustur. Árið 805 var settur þar biskup og samfélagið fékk borgarréttindi. Münster óx hægt á 11. og 12. öld, sumpart vegna þess að hún var ekki staðsett við stærstu samgönguæðarnar sem þarna voru á þeim tíma en á 14. – 16. öld fór hún að hafa verulega þýðingu vegna aukinnar verslunar í Norður-Evrópu. Þegar siðbreyting Luthers breiddist yfir Evrópu fylgdi Münster með en kaþólski biskupinn þar greip þá til vopna og borgin var lýst kaþólsk á ný upp úr 1600. Á óróatímum í Evrópu á 17. og 18. öldinni kom Münster við sögu og tilheyrði þá ýmist Frakklandi eða Þýskalandi. Árið 1815 voru íbúar þar 18 þúsund en þá var borgin sú stærsta í Westfalen-fylkinu í Þýskalandi og var gerð að höfuðborg þar. Háskóli var stofnaður í Münster rétt eftir aldamótin 1900 og nú er hún ein af þekktustu háskólaborgum Þýskalands með um 50 þúsund nemendur.



Borgin var nánast eyðilögð í heimsstyrjöldinni síðari en hún var endurbyggð í sem næst upprunalegri mynd. Hún er því miðaldaleg hvað snertir byggingarlist og opin svæði. Íbúar þar eru nú um 280 þúsund og sinnir hún einni og hálfri milljón íbúa nærliggjandi byggðarlaga með verslun og stjórnsýslu.

Kirkjur eru margar og setja svip sinn á borgina en þar má m.a. nefna St. Pálskirkjuna sem var byggð á 13. öld. Í turninum á St. Lambertskirkju hanga þrjú járngrindabúr frá 16. öld en í þeim voru þá höfð til sýnis lík mótmælenda úr stríðinu við kaþólska.

Münster hefur verið kosin reiðhjólavænsta borg Þýskalands og eru þar m.a. nokkrar margra hæða reiðhjólageymslur víðs vegar um borgina. Þetta er til komið vegna fjölda námsmanna, sem þar eru alls staðar að úr heiminum auk landslagsins sem er tiltölulega slétt og auðvelt yfirferðar. Hvarvetna sem farið er um í borginni eru hjólreiðamenn áberandi og þess er getið að það sé fljótlegra að fara þar á milli staða á hjólum en bílum. Hjólreiðastígar eru um allt og þeir auðvelda fólki að komast um hratt og örugglega.

Borgin er sem sagt hlýleg, falleg, miðaldaleg, evrópsk háskólaborg full af ungu fólki alls staðar að úr heiminum og öllu sem því fylgir.

**Lok**

Lögregluskóla ríkisins og lögreglustjóraembættinu í Reykjavík (þáverandi) vil ég færa þakkir fyrir að fá að sækja þetta námskeið sem var hvort tveggja fræðandi og skemmtilegt. Það er að mínu viti nauðsynlegt fyrir lögreglumenn hvaðanæva úr heiminum að hittast, mynda tengsl, bera saman bækur sínar og í framhaldi af því leggja til atlögu við óvininn með vitið að vopni.

***Stefán Örn Guðjónsson***
***rannsóknarlögreglumaður R-3***
***Lögregla höfuðborgarsvæðisins***

*Námskrár eru aðallega tvær. Annars vegar tveggja ára samfellt nám fyrir reyndari lögreglumenn og hins vegar sex mánaða samfellt nám fyrir þá sem lokið hafa lögfræðiprófi auk almenns lögregluskóla. Í skólanum eru haldin um 50 námskeið á ári, sem standa í 3 – 5 daga. Af þeim eru 20% alþjóðleg.*

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

## Reykjavík

Air care Icelandic-Erker Íslandi
Skeiðarvogi 37
Allar lagnir ehf
Æsufelli 4
Austursel ehf.
Höfðabakka 9
ÁF-hús ehf.
Stórhöfða 33
Backmann & Björgvinsson Lögmannsstofa
Lágmúla 7
Bakkus ehf
Héðinsgötu 1
Bandalag háskólamanna
Borgartúni 6
Barnalæknaþjónustan ehf.
Egilsgötu 3 Domus Med
Barnaverndarstofa
Borgartúni 21
Barónspöbb ehf.
Laugavegi 72
BGI málarar
Brekkubæ 17
Bifreiðabyggingar sf.
Tangarhöfða 5
Bifreiðastjórafélagið Frami
Fellsmúla 24-26
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
Mörkinni 6
Bílaleigan AKA ehf.
Vagnhöfða 25
Bílasmiðurinn hf.
Bíldshöfða 16
Bílaverkstæði Jóns T. Harðarssonar
Bíldshöfða 18
Bílfang ehf
Malarhöfða 2
Bílvirkinn
Súðarvogi 46
Björnsbakarí ehf.
Klapparstíg 3 v/Skúlagötu
Booztbar/Ísbar
Grandavegi 45
Borgarhöllin - Fossaleyni 1
Fossaleyni 1
Borgarlagnir ehf
Gylfaflöt 24-30
Borgarnesti ehf
Grjóthálsi 8
Bortækni ehf
Vagnhöfða 19
Bráð ehf.
Síðumúla 8
Brim hf.
Tryggvagata 11
Brimborg ehf.
Bíldshöfða 6
Broadway-Arnol.net
Ármúla 9
Brú Verktakar ehf
Bleikjukvísl 13
BSRB
Grettisgötu 89
Búr ehf.
Bæjarflöt 2
Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartúni 31
Celtic Cross á Íslandi ehf.
Pósthóld 399
DHL á Íslandi
Sundabakka 2
DS lausnir ehf
Súðarvogi 7
Dýraverndarsamband Íslands
Fjölnisvegi 16
E.T. Einar og Tryggvi ehf.
Klettagörðum 11
Ecco á Íslandi
Guðríðarstíg 6-8
Efling stéttarfélag
Sætúni 1
Efnalaug Grafarvogs
Hverafold 1-3
Efnalaugin Glitra
Rauðarárstíg 33
Efnalaugin Úðafoss sf.
Vitastíg 13
Endurskoðun Hjartar Pjeturssonar ehf.
Súðarvogi 7
Endurvinnslan hf.
Knarrarvogi 4
ERF ehf
Rauðagerði 39
Fasteignafélagið Stoðir hf.
Kringlunni 8-12
Fasteignasalan Borgir ehf.
Ármúla 1
Faxaflóahafnir
Tryggvagötu 17
Feró ehf
Steinaseli 6
Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Fínka málningarverktakar ehf.
Norðurási 6
Fjölgreiðslumiðlun hf
Mörkinni 1
Fold fasteignasala ehf.
Laugavegi 170, 2. hæð
Frumkönnun ehf
Hæðargarði 14
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Draghálsi 8
G.S.K. ehf.
Laugavegi 46a, box 1737
Gagnaeyðing ehf.
Skútuvogi 13
Gallerí Fold
Rauðarárstíg 14
Garðar og Vélar ehf.
Álakvísl 88
Gámaþjónustan hf.
Súðarvogi 2
Gerpir ehf.
Laugavegi 22
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Glaumbar ehf.
Tryggvagötu 20
Grant Thornton endurskoðun
Suðurlandsbraut 20
Grásteinn ehf.
Fornhaga 22
Guðmundur Jónasson ehf.
Borgartúni 34
Happahúsið
Kringlunni 4-12
Harley Davidson Íslandi ehf.
Grensásvegi 16
Henson Sports Europe á Íslandi hf.
Brautarholti 24
Heyrnartækni ehf
Álfheimum 74
Héraðsdómur Reykjavíkur
Dómshúsinu v/ Lækjartorg
Hilmar Ingimundarsson hrl
Austurstræti 10a box 19
Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 3
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns
Hátúni 2a
Hlað sf.
Bíldshöfða 12
Hljóðfæraverslun Pálmars Árna
Ármúla 38
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Skólavörðustíg 45
Hótel Vík
Síðumúla 19
Hugver ehf.
Vitastíg 12
Höfðakaffi ehf.
Vagnhöfða 11
IÐAN Fræðslusetur
Hallveigarstíg 1
Innheimtustofnun sveitarfélaga
Lágmúla 9, 2.hæð
Internet á Íslandi hf. - ISNIC
Dunhaga 5
ISS Ísland ehf.
Ármúla 40
Íhlutir ehf.
Skipholti 7
Ísbúðin Fákafeni 9
Fákafeni 9
J. Eiríksson ehf.
Tangarhöfða 5
J.Ó. Verktakar ehf. - Vatnasport.is
Grænlandsleið 15
Jarðvélar ehf.
Síðumúla 28
Jónar Transport hf.
Kjalarvogi 7-15
Kaffi strætó
Þönglabakka 4
Kemis ehf.
Breiðhöfða 15, box 9351
Klúbburinn ehf
Stórhöfða 17
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
Kópsson bílaþrif ehf
Hryrjarhöfða 4
KPMG hf.
Borgartúni 27
Körfuberg ehf.
Holtaseli 20
Lagaþing sf Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl.
Túngötu 14
Landhelgisgæsla Íslands
Seljavegi 32
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Tjarnargötu 10
Langholtskjör
Langholtsvegi 176
Laugarásvideó ehf.
Dalbraut 1-3
Línuborun ehf.
Vagnhöfða 11
Lögmannastofan Skipholti sf.
Bolholti 6
Lögmannsskrifstofan Fortis ehf.
Laugavegi 7
Lögmannsstofa Bjarna Haukssonar ehf.
Hátúni 6a
Lögreglustjórinn á Höfuðborgarsvæðinu
Hverfisgötu 115
Lögvörn ehf.
Hátúni 6a
Málarakompaníið ehf
Fornastekk 3
Moes Bar
Jafnaseli 6
Morgunblaðið Árvakur hf.
Hádegismóar 2
Múr- og málningarþjónustan Höfn ehf.
Réttarhálsi 2
Nesradíó ehf.
Síðumúla 19
Neyðarþjónustan lykla- og lásasmiður
Laugavegi 168
Nýi ökuskólinn ehf.
Klettagörðum 11
Olíudreifing ehf.
v/Kleppsmýrarvegi
Pizza Rizzo pizzeria
Hraunbæ 121
Poulsen ehf.
Skeifan 2
Raförninn ehf.
Suðurhlíð 35
Ríkið myndbandaleiga og söluturn
Snorrabraut 56
Ríkislögreglustjórinn
Skúlagötu 21
Samhugur ehf.
Langagerði 116
Securitas hf.
Síðumúla 23
Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
Sesarvídeó
Grensásvegi 14
Sjálfstæðisflokkurinn
Háaleitisbraut 1
Spark ehf
Brautarholti 8
Sportvörugerðin hf.
Skipholti 5
Steingrímur Þormóðsson hrl. - Lögmenn Árbæ
Nethyl 2
Stilling hf.
Kletthálsi 5
Suzuki bílar hf.
Skeifunni 17
Svarta kaffið - Kaffibaunin ehf.
Laugavegi 54
Sveinsbakarí ehf.
Arnarbakka 4-6
Svissinn hjá Steina
Svarthömrum 29
SVÞ
Borgartúni 35
Söluturninn Aðalhornið
Barónstíg 27
Talnakönnun - Heimur
Borgartúni 23
Tjónamat og skoðun ehf.
Klapparstíg 25-27 4hæð
Tollstjórinn í Reykjavík
Tryggvagötu 19
Tollvarðafélag íslands
Grettisgötu 89
TROCADERO
Suðurlandsbraut 12
Tryggingamiðstöðin
Aðalstræti 6-8
Urð og Grjót
Vesturási 58
Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
Útlendingastofnun
Skógarhlíð 6
Vaka hf.
Eldshöfða 6
Veiðihúsið Sakka ehf.
Hólmaslóð 4
Veitingahúsið Hornið
Hafnarstræti 15
Verslunin Skerjaver
Einarsnesi 36
Vélar og verkfæri ehf.
Skútuvogi 1c
Vélaver hf.
Krókhálsi 16
Vélsmiðjan Járnverk hf.
Bíldshöfða 18
Vélvík ehf.
Höfðabakka 1
Virtus
Laugavegi 170
VR
Kringlunni 7
Þingvallaleið ehf.
Skógarhlíð 10
Þjóðgarðurinn Þingvöllum
Austurstræti 8-10

## Seltjarnarnes

Bæjarins bezta ehf.
Bollagörðum 11

Seltjarnarneskaupstaður
Austurströnd 2
Vogar
NG-Fiskvinnsla ehf.
Norðurgötu 11
Steinhreinsun ehf.
Aragerði 8

## Kópavogur

AFA JCDecaux Ísland
Vesturvör 30b
Arnarverk ehf
Kórsölum 5
Bifreiðastillingin ehf.
Smiðjuvegi 40d rauð gata
Bifreiðaverkstæði Björns Pálmasonar
Smiðjuvegi 40 rauð gata
Bifreiðaverkstæði
Friðriks Ólafssonar ehf.

# Ég unni hag mínum vel *hjá Landssambandi lögreglumanna*

*- segir Páll Winkel fyrrverandi framkvæmdastjóri LL.*



Aðdragandinn að breytingum á starfsvettvangi mínum var afar stuttur. Ég unni hag mínum vel hjá Landssambandi lögreglumanna og hafði ekki hugsað mér að skipta um starfsvettvang. Mér bauðst hins vegar mjög spennandi starf við embætti ríkislögreglustjóra sem yfirmaður stjórnsýslusviðs þess. Helsta ástæða þess að ég ákvað að slá til var einfaldlega sú að ég tel að á nýjum vettvangi geti ég haldið áfram að vinna að hagsmunamálum lögreglumanna en með öðrum hætti þó.

*Hvernig var starfstíminn hjá LL?*

Starfstíminn hjá Landssambandi lögreglumanna var afar góður. Það eru ákveðin forréttindi að fá tækifæri til að kynnast þeim góða hópi manna sem vinnur innan lögreglunnar á Íslandi. Vissulega gaf annað slagið á bátinn og ekki var alltaf þakkað fyrir það sem maður taldi vel gert. Í stærstum hluta tilvika fann ég þó fyrir miklum velvilja lögreglumanna og er ég þakklátur fyrir þann tíma sem ég vann innan LL.

Helstu/mikilsverðustu málin sem ég kom að.

Það eru ýmis mál sem hægt er að nefna. Ég held þó að þrjú atriði standi upp úr. Í fyrsta lagi er ég afar hreykinn af því að hafa tekið þátt í að bæta starfsumhverfi lögreglumanna og haft einhver áhrif á bætta og breytta löggjöf í tengslum við refsingar vegna ofbeldis í garð lögreglumanna. Þær breytingar á almennum hegningarlögum eru mikilvægt skref í að bæta starfsumhverfi lögreglumanna. Í öðru lagi var sérstaklega ánægjulegt að taka þátt í að gera rödd lögreglumanna áberandi í opinberri umræðu en fyrir tveimur árum var tekin sú ákvörðun að taka með markvissum hætti þátt í opinberri umræðu um málefni lögreglu og tryggja þannig að mið yrði tekið af sjónarmiðum lögreglumanna varðandi öll þau málefni sem tengjast hagsmunum lögreglu. Í þriðja lagi var gaman að taka þátt í nýskipan lögreglumála en eins og kunnugt er tóku gildi um síðastliðin áramót viðamiklar breytingar á lögregluumdæmum landsins. Þar átti ég gott samstarf við alla þá er komu að þeim málum. Þó má segja að ég hafi átt viðamest samstarf við Ólaf Kristófer Ólafsson, sýslumann Snæfellinga, ekki af þeirri ástæðu einni að hann sá um innleiðingu breytinga á landsvísu heldur vegna þess að á tímabilinu var ákveðið að hann myndi sameina fleira í mínu lífi. Hann mun sameina mig og unnustu mína næstkomandi sumar þar sem hann mun gefa okkur saman á toppi Snæfellsjökuls.

*Hvaða mál sérðu fyrir þér að varði lögreglumenn mestu í náinni framtíð?*

Það er af ýmsu að taka í því tilliti. Tvennt kemur þó fyrst upp í hugann. Í fyrsta lagi verður að tryggja að í næstu kjarasamningum verði hlutur grunnlauna viðameiri í launasamsetningu lögreglumanna. Óheyrileg yfirvinna er engum manni holl og alls ekki æskileg í nútímaþjóðfélagi. Lögreglumenn vinna erfitt starf og oft á tíðum vanþakklátt. Launakjör lögreglumanna verða að endurspegla það. Í öðru lagi verða lögreglumenn og Landssamband lögreglumanna sífellt að huga að starfsumhverfi lögreglumanna. Ég tel að mjög brýnt sé að fylgjast með nýjungum í búnaðar- og tækjamálum, tryggja fullnægjandi aðgengi að sérfræðiþjónustu í kjölfar erfiðra verkefna o.s.frv.

*Er eitthvað sem þú vilt taka fram í lokin?*

Ég vil undirstrika það að ég er mjög þakklátur fyrir þann tíma sem ég hef unnið með lögreglumönnum og er þess fullviss að ég geti áfram unnið að hagsmunamálum lögreglumanna á nýjum vettvangi hjá embætti ríkislögreglustjóra. Þá vil ég sérstaklega þakka því góða samstarfsfólki sem ég hef haft hjá LL. Formenn, framkvæmdastjórn, stjórn og nefndir LL vinna mjög óeigingjarnt starf í þágu lögreglumanna. Langar mig sérstaklega til að þakka Stefaníu Vigfúsdóttur, skrifstofustjóra LL, fyrir að annast „drenginn sinn“ þann tíma sem ég vann hjá LL.

***LL þakkar Páli fyrir hans góðu störf í þágu sambandsins.***

*Ég vil undirstrika það að ég er mjög þakklátur fyrir þann tíma sem ég hef unnið með lögreglumönnum og er þess fullviss að ég geti áfram unnið að hagsmunamálum lögreglumanna á nýjum vettvangi hjá embætti ríkislögreglustjóra.*



# Hef alla mikinn á á málefn lögreglu

**Rætt við Steinar Adolfsson nýjan framkvæmdastjóra hjá LL.**

*Því er ekki að leyna að ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á málefnum lögreglumanna enda tíður gestur á lögreglustöðinni í Ólafsvík á uppvaxtarárum mínum þar. Þær heimsóknir komu samt til af góðu einu enda starfaði karl faðir minn um 30 ára skeið sem lögreglumaður...*

*Steinar hefur undanfarin fjögur og hálft ár starfað hjá embætti ríkislögreglustjóra sem deildarlögfræðingur. Hvernig kom til að þú fórst að vinna þar?*

Eftir að hafa búið í Noregi í tæp fimm ár, þar sem ég stundaði tuðruspark stærstan hluta tímans, fannst okkur kominn tími til að fara til baka til Íslands. Við kunnum mjög vel við okkur í Noregi en ástæðan fyrir þessu var fyrst og fremst sú að við hjónin vildum að börnin okkar ættu kost á að umgangast fjölskylduna í meira mæli en mögulegt var á meðan við bjuggum í Noregi. Eftir að sú ákvörðun var tekin fór ég að leita fyrir mér að starfi á Íslandi. Ég sótti um starf hjá sýslumanninum í Kópavogi og fékk fulltrúastöðu þar. Hins vegar voru einnig auglýstar á svipuðum tíma tvær stöður hjá ríkislögreglustjóranum, önnur hjá efnahagsbrotadeildinni og hin á sviði 1 sem var ný staða hjá embættinu. Ég þekkti til Jóns Snorrasonar, þáverandi yfirmanns efnahagsbrotadeildar, frá því hann kenndi mér lögfræði við Menntaskólann við Sund og var í sambandi við hann vegna umsóknar minnar. Hann tjáði mér að líkur væru á að ég fengi aðra stöðun og því bað ég Þorleif Pálsson um smá biðlund varðandi fulltrúastöðuna hjá honum þar sem ég hefði meiri áhuga á starfinu hjá ríkislögreglustjóranum. Hann tók vel í þá beiðni mína og síðan fór það svo að ég fékk stöðuna hjá ríkislögreglustjóranum. Þar átti ég mjög góðan starfstíma og kunni í alla staði mjög vel við mig. Þar öðlaðist ég fjölþætta reynslu enda svo lánsamur að fá að sýsla við ýmiss konar verkefni og fæstir dagar voru eins. Að öðru leyti um mína starfsreynslu starfaði ég í eitt ár sem lögfræðingur í Noregi hjá Kongsvinger Kommune sem saksbehandler hjá Sosialkontoret sem er félagsþjónustueining bæjarins. Það var einnig góð reynsla og kærkomið tækifæri til að stunda lögfræðistörf og til að ná tökum á skrifmálinu en það hefur nýst mér vel í mínum störfum.

*Framkvæmdastjórastarfið hjá LL, hvernig kom það til og hvernig líst þér á starfið?*

Það var nú þannig að í kjölfar þeirra breytinga sem urðu um áramótin með nýskipan lögreglumála fór ég, eins og svo margir aðrir, að velta fyrir mér hvort rétt væri við þessi tímamót að staldra við og skipta




um starf. Það varð niðurstaða mín eftir nokkra umhugsum að láta verða af því. Er ég hafði tekið ákvörðunina atvikaðist það svo að Sveinn Ingiberg, formaður LL, hafði samband og spurði hvort ég gæti hugsað mér að verða framkvæmdastjóri LL. Ég þurfti ekki að hugsa mig lengi um og svaraði því játandi. Kom það einkum til af því að ég þekkti að hluta til það starf sem ég átti að inna af hendi og auk þess hafði ég haft kynni af Sveini í störfum mínum hjá ríkislögreglustjóranum og vissi að við gætum starfað vel saman að þeim málum sem fram undan væru hjá LL. Því er ekki að leyna að ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á málefnum lögreglumanna enda tíður gestur á lögreglustöðinni í Ólafsvík á uppvaxtarárum mínum þar. Þær heimsóknir komu samt til af góðu einu enda starfaði karl faðir minn um 30 ára skeið sem lögreglumaður í Ólafsvík og síðan um fimm ára skeið í lögreglunni í Reykjavík en hann mun láta af störfum 30. september næstkomandi sökum aldurs. Það má því segja að ég hafi á eigin skinni kynnst ýmsu því sem fjölskyldur lögreglumanna þurfa að búa við varðandi þetta starf sem getur verið mjög krefjandi bæði fyrir viðkomandi lögreglumann og hans nánustu.

Eftir að hafa starfað hér í um tvo mánuði get ég sagt að mér líst mjög vel á starfið. Greinilegt er að vel hefur verið haldið á málum hjá LL undanfarin ár og bæði stjórnarmenn og Stefanía á skrifstofunni eiga hrós skilið fyrir sín störf. Töluverður erill er og eru félagsmenn iðnir við að hafa samband vegna ýmissa mála. Við reynum að leysa úr þeim eftir bestu getu og það hefur jafnframt gefið mér tækifæri til að setja mig inn í kjaraumhverfi lögreglumanna. Ég geri mér þó alveg grein fyrir að ég er ekki fullnuma í þessu en veit jafnframt að þekking mín mun eðli máls samkvæmt aukast með tímanum. Ég kvíði því ekki enda hef ég aðgang að reynslumiklu fólki bæði hjá LL sem og hjá starfsmönnum annarra stéttarfélaga hér á Grettisgötunni.

Ljóst er að næsta stóra verkefni hjá LL eru kjarasamningsviðræður í lok næsta árs en gildistími kjarasamningsins er til 31. október 2008. Undirbúningur er ekki hafinn á þessu stigi en ég á nú frekar von á að við munum hefja undirbúninginn þegar með haustinu og hlakka mikið til þess tíma. Miklu skiptir að við komum vel undirbúin til þessara viðræðna en miklar breytingar hafa orðið hjá lögreglu í tengslum við nýskipan lögreglumála sem geta haft áhrif á kröfur LL. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum 46/2006 er m.a. mælt fyrir um nefnd þriggja manna sem hefur það hlutverk að fylgjast með endurskipulagningu lögregluumdæma og á nefndin að skila skýrslu til ráðherra í lok ársins þar sem sérstök áhersla verður lögð á að meta með hvaða hætti markmið um aukna og eflda löggæslu hafa náð fram að ganga. LL á einn fulltrúa í þessari nefnd og verður fróðlegt að fylgjast með niðurstöðum hennar og með hvaða hætti þær munu geta nýst okkur í komandi kjaraviðræðum.

*Ljóst er að næsta stóra verkefni hjá LL eru kjarasamningsviðræður í lok næsta árs en gildistími kjarasamningsins er til 31. október 2008.*





# Orlofshús *LL* *sumarið 2007*

**Framboð á orlofshúsum sumarið 2007 er svolítið með öðrum hætti en áður hefur verið er þar helst að nefna að Landssambandið hefur skilað þremur húsum í Munaðarnesi og orlofssjóður hefur hafið byggingu nýs orlofhúss að Geysi í Haukadal sem verður væntanlega tilbúið til leigu um miðjan júní.**

## Suðurland

### Reykjavík

Íbúðin okkar í Hátúni 4, 2. hæð, í Reykjavík hefur sannað ágæti sitt. Nýting og eftirspurn hefur verið mjög góð. Um er að ræða 3ja herbergja íbúð á frábærum stað. Hjónaherbergi er með barnarúmi, barnaherbergi er með 2 rúmum og í stofu er hornsófi sem hægt er að breyta í tvíbreitt rúm. Auk þess eru tvær lausar dýnur. Sex sængur og koddar eru í íbúðinni og er hægt er að leigja sængurfatnað (lín) á vægu verði þ.e. kr. 400,- fyrir manninn. Lyklar eru afhentir í samráði við skrifstofuna, annað hvort á skrifstofunni eða á lögreglustöðinni á Hverfisgötu eftir því sem hentar. Það er von okkar að sem flestir sjái sér hag í að nýta sér þessa góðu aðstöðu í höfuðborginni.
**Vikuleigan er kr. 20.000,- yfir sumarið, en haust og vetrarleiga er kr. 18.000,- Leigutími: Allt árið.**

### Fell í Biskupstungum

Fell í Biskupstungum hefur vakið mikla lukku þann tíma sem við höfum haft það til umráða. Húsið er um 140 fm. að stærð með 8 rúmstæðum og 6 lausum dýnum svo allt að 14 manns geta gist og eru sængur og koddar fyrir 12 til staðar. Húsið er allt að innan mjög smekklega uppgert með öllum nýtísku þægindum. Einnig er stór og góð sólverönd út frá stofunni þar sem er heitur pottur.
Dvalargestir þurfa að hafa með sér sængurfatnað (lín), handklæði, diskaþurrkur, sápu og salernispappír. Lyklar eru afhentir á lögreglustöðinni á Selfossi.
Fell er um 100 km frá Reykjavík og þaðan er stutt til margra vinsælla ferðamannastaða allt um kring, s.s. Gullfoss, Geysis, Laugarvatns, Þingvalla o.fl. Næsti þéttbýliskjarni, er Reykholt í Biskupstungum, (1,5 km), en þar er sundlaug, verslun, veitingar, banki, íþróttahús o.fl.
**Vikuleigan er kr. 20.000,- yfir sumarið, en haust og vetrarleiga er kr. 18.000,- Leigutími: Allt árið.**

### Geysir í Haukadal

Eftir miðjan júní verður tekið í notkun nýtt og glæsilegt sumarhús sem LL er að byggja að Geysi í Haukadal. Neðri hæð hússins er 78.2 fm en efri hæðin er 56.6 fm. Í húsinu eru 3 svefnherbergi með 6-7 rúmstæðum auk svefnloftsins. Í húsinu verður búnaður fyrir allt að 12 manns. Stór verönd er við þrjár hliðar hússins ásamt heitum potti. Dvalargestir þurfa að hafa með sér lín á rúmin, handklæði, diskaþurrkur og klúta o.þ.h. Golfvöllur er í næsta nágrenni og frábær útivistasvæði allt um



kring. Nánari upplýsingar um lykla o.fl. er að finna í leigusamningnum.
**Vikuleigan er kr. 20.000,- yfir sumarið, en haust og vetrarleiga er kr. 18.000,- Leigutími: Allt árið.**

## Vesturland

**Munaðarnes hús nr. 68**
**og Stóru-Skógar hús nr. 6.**
Munaðarnes í Borgarfirði er óþarft að kynna því margir hafa dvalist þar í gegnum árin. Bjóðum við upp á eitt stórt hús í Munaðarnesi og eitt í Stóru-Skógum sem gert er ráð fyrir 6-8 manns geti dvalið í. Stóru-Skógar eru vestan megin við þjóðveg 1 þar sem afleggjarnir mætast niður í Munaðarnes og upp í Stóru-Skóga. Í Borgarfirði eru ótal útivistarmöguleikar. Sundlaugin að Varmalandi, Grábrók og eins hefur Skógrækt ríkisins opnað reit við Hreðavatn til útivistar og gert gönguleiðir um svæðið, sem er sérstaklega skemmtilegt. Þjónustumiðstöðin í Munaðarnesi þjónar báðum svæðunum og þar er sængurfatnaður afhentur dvalargestum að kostnaðarlausu.
**Heitir pottar eru við öll húsin.**
**Vikuleigan er kr. 20.000,- Eftir miðjan ágúst lækkar leigan í kr. 16.000,-**
**Leigutími: 11. maí til 7. september**.

## Norðurland

**Akureyri**
Orlofsíbúð LL í Helgamagrastræti 45 er 3ja herbergja, í alla staði mjög góð fyrir 4-6 manns. Í henni er mjög gott hjónaherbergi, með barnarúmi. Í barnaherbergi eru stórar kojur. Auk þess er svefnsófi í stofu og lausar dýnur. Sex sængur og koddar eru til staðar. Parket er á allri íbúðinni. Sólpallur er vestanmegin við húsið og hefur garðurinn verið yfirfarinn talsvert. Dvalargestir þurfa að hafa með sér sængurfatnað (lín), handklæði, diskaþurrkur, sápu og salernispappír.
**Vikuleigan er kr. 20.000,- yfir sumarið, en haust og vetrarleiga er kr. 18.000,- Leigutími: Allt árið.**

## Austurland

**Eiðar hús nr. 9**
Sumarhúsabyggð BSRB að Eiðum stendur við Eiðavatn og þar á LL eitt hús með þremur svefnherbergjum (6 svefnstæði og 2 aukadýnur), stofu og eldhúsi. Húsinu fylgir árabátur. Eddu Hótelið á Eiðum sér um að afhenda lykla og rúmfatnað. Egilsstaðir er næsti þéttbýliskjarni, en þangað er um 12 km. Þar er sundlaug, verslanir, banki o.fl.
Náttúrufegurð Fljótsdalshéraðs er rómuð og einnig er kjörið að gefa sér tíma til að skoða Austurlandið.
**Vikuleigan er kr. 17.000,- Eftir miðjan ágúst lækkar leigan í kr. 13.500,- Húsið er fyrir 6 – 8 manns og er án potts.**

**Tímabilið 11. maí - 8. júní hafa lífeyrisþegar forgang að dvöl í orlofshúsum LL.**

# Reglur
# um lífeyrisþegadeild Landssambands lögreglumanna

1. gr.
Lífeyrisþegadeildin var stofnuð samkvæmt ákvörðun stjórnar Landssambands lögreglumanna á stjórnarfundi hinn 6. desember 1979.

2. gr.
Tilgangur með stofnun deildarinnar er að efla og halda við kynningu og gæta hagsmuna þeirra sem starfað hafa sem lögreglumenn hér á landi.

3. gr.
Rétt til inngöngu í lífeyrisþegadeild eiga þeir félagsmenn sem verða elli-, örorku eða lífeyrisþegar samkvæmt lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins enda hafi þeir verið fullgildir félagar í LL er þeir létu af störfum. Sama rétt eiga makar lögreglumanna er njóta makalífeyris úr sjóðnum vegna fráfalls félagsmanns. Maki látins félaga heldur slíkum rétti í full fimm ár frá andláti félagsmanns. Að þeim tíma liðnum á maki ekki rétt til aðildar og fellur hún þá sjálfkrafa úr gildi.
Fullgildir aðilar njóta réttinda í samræmi við gildandi reglur hverju sinnu um úthlutun orlofshúsa og greiðslur úr styrktar- og sjúkrasjóði LL. Réttinda er félagsmaður nýtur er honum óheimilt að framselja, s.s. úthlutun orlofshúsa og annað.

4. gr.
Deildin starfar í samræmi við stjórn Landssambands lögreglumanna og hlutverk hennar eru:

A. Að halda skrá yfir þá lífeyrisþega er rétt hafa til aðildar að deildinni samkvæmt 3. grein. Þar skal tilgreina starf það er viðkomandi gengdi síðast og launaflokk sem starfi er skipað í. Skal þetta gert í samstarfi við skrifstofu LL.
B. Að fylgjast með breytingum sem verða á skipun starfs í launaflokk við gerð kjarasamnings.
C. Að halda uppi kynningar- og félagsstarfi með deildarfélögun, þar á meðal ferðalög innan- sem utanlands.
D. Að vinna að því að sköpuð verði starfsaðstaða og einnig aðstaða til náms fyrir þá lífeyrisþega er þess óska.
E. Að tilnefna fulltrúa á þing LL í samræmi við lög LL.

5. gr.
Í febrúar ár hvert skal halda aðalfund deildarinnar. Skal aðalfundur boðaður með tveggja vikna fyrirvara.
Á aðalfundi skal gefa skýrslu um starfsemi deildarinnar á liðnu ári og ræða verkefni næsta starfsárs. Þá skal kosin þriggja manna stjórn og jafn marga til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega og fer hann með umboð deildarinnar gagnvart stjórn LL.
Deildarstjórn kýs varaformann og ritara úr sínum hópi.
Formaður deildarinnar situr formannaráðstefnur LL.
Deildin heldur fundi fyrsta sunnudag í mánuði á tímabilinu frá október til apríl ár hvert.
Stjórn deildarinnar er heimilt að setja nefndir í samráði við stjórn LL er það telst nauðsynlegt.
Rita skal fundargerðir allra funda deildarinnar.

6. gr.
Bókhald deildarinnar skal haldið af skrifstofu LL. Heimilt er formanni deildarinnar, í samráði við LL, að stofna bankareikning til vörslu fjár er deildin kann að safna.

7. gr.
Reglur þessar taka þegar gildi og falla um leið úr gildi fyrri reglur er gilt hafa um starfsemi lífeyrisþegadeildar.
Reglur þessar voru samþykktar á stjórnarfundi Landssambands lögreglumanna 11. apríl 2006.
Reglum þessum verður aðeins breytt af LL í samráði við formann lífeyrisþegadeildar.

Bráðabirgðaákvæði
Þeir sem höfðu rétt til aðildar fyrir setningu þessara reglna en uppfylla ekki skilyrði til aðildar samkvæmt 1. mgr. 4. gr. Halda réttindum sínum óskertum í fimm ár frá gildistöku reglna þessara.

# *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

Smiðjuvegi 22 - græn gata
Bifreiðaverkstæðið Toppur
Skemmuvegi 34 Bleik gata
Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46 gul gata
Bílar og tjón
Skemmuvegi 44m
Bílasprautun og réttingar Auðuns
Nýbýlavegi 10
Bílaverkstæði Bubba sf.
Skemmuvegi 18blá
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf.
Smiðjuvegi 48 rauð
Bílaverkstæðið Skúffan ehf.
Smiðjuvegi 11e, græn
Bílaþvottastöðin Löður ehf.
Bæjarlind 2
Bíljöfur ehf.
Smiðjuvegi 34
Bílstál ehf
Askalind 3
Bílvogur ehf.
Auðbrekku 17
Bláfugl
Hlíðasmára 15
Blikkás - Funi ehf.
Smiðjuvegi 74
Blikksmiðja Einars ehf.
Smiðjuvegi 4b græn gata
Borgarvirki ehf.
Hjallabrekku 22
Brimgljái ehf.
Vallartröð 5
BSA Varahlutir ehf.
Smiðjuvegi 4a
Dagskráin
Akralind 8
DATEK-ÍSLAND ehf.
Smiðjuvegi 50
Dísarhóll ehf.
Kríunesi v/Vatnsenda
DK Hugbúnaður
Hlíðasmára 17
Dráttarbílaþjónustan Krókur ehf
Dalvegi 24
Egill Vilhjálmsson ehf.
Bröttutungu 9
Elnet tækni ehf.
Dalvegi 16b
EÞM ehf
Víðihvammi 9
Gistiheimilið BB 44
Borgarholtsbraut 44
Goldfinger
Smiðjuvegi 14
Hafið - Fiskiprinsinn
Hlíðasmára 8
Hagblikk ehf.
Smiðjuvegi 4c box 281
Hemill
Skemmuvegi 12 blá
Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
Íslenskir undirverktakar ehf
Álfhólsvegi 29
Ísnes ehf
Hamraborg 5
Jón og Salvar ehf
Smiðjuvegi 44
KB ráðgjöf
Hlíðasmára 17
Kjarnagluggar sf.
Skemmuvegi 46
Kristján og Stefán Fluttningar - K. og S. sf
Askalind 7
Kríunes ehf.
Kríunesi v. Elliðavatn
Köfunarþjónusta Árna Kópssonar
Hafnarbraut 10
Landvélar ehf.
Smiðjuvegi 66 rauð
Partasalan
Skemmuvegi 30 bleik gata
Protak ehf.
Askalind 6
Radio-Raf
Smiðjuvegi 52
Rafmiðlun ehf.
Ögurhvarf 8
Rafport ehf.
Nýbýlavegi 14
Rafvirkni ehf.
Fjallalind 137
Reynir bakari ehf.
Dalvegi 4
Réttir bílar ehf
Vesturvör 24
Ræstingaþjónustan sf.
Smiðjuvegi 62
Sendibílastöð Kópavogs hf.
Skemmuvegi 50 brún
Sérverk ehf.
Askalind 5
Smári söluturn
Dalvegi 16c
Smurstöðin Stórahjalla ehf.
Stórahjalla 2
Steinsmiðjan S. Helgason ehf.
Skemmuvegi 48, brún gata
Stimpill ehf.
Akralind 9
Uppdæling ehf.
Bakkabraut 2
Verkfræðistofa
Snorra Ingimarssonar ehf.
Hamraborg 11
Verktakar Magni ehf.
Hæðarsmára 6
Vélaleiga Auberts
Hlíðarhjalli 7
Vélsmiðjan Hamar ehf
Hafnarbraut 13
Vídd ehf.
Bæjarlind 4
www.mannval.is
Pósthólf 484

## Garðabær

Ásgeir Einarsson ehf.
Garðaflöt 37
Dráttarbílar
Skeiðarási 4
Dýralækningar ehf.
Lyngási 18
Elektra ehf.
Lyngási 11
G.H. Guðmundssynir ehf.
Marargrund 3
Garðabær
Garðatorgi 7
Glaumur - Verktakafélag ehf.
Birkihæð 5
Hafnasandur hf.
Birkiás 36
Héðinn hf.
Stórási 6
Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Suðurhrauni 1
Léttflutningar ehf
Suðurhrauni 2
Miklir menn ehf
Hrísholti 13
Würth á Íslandi hf.
Vesturhrauni 5
Öryggisgirðingar ehf.
Suðurhrauni 2

## Hafnarfjörður

Ás - fasteignasala ehf.
Fjarðargötu 17
Áttan, snókerbar
Trönuhrauni 10
Barkasuða Guðmundar ehf.
Hvaleyrarbraut 27
Bílaleigan Atlas Europcar
Hjallahrauni 9
Bónusvideo ehf.
Lækjargötu 2
Bæjarbakarí ehf.
Bæjarhrauni 2
Eiríkur og Einar Valur ehf.
Breiðvangur 4
Fasteignasalan Hraunhamar ehf.
Bæjarhrauni 10
Feðgar ehf. - Byggingaverktakar
Brekkutröð 1
Fínpússning ehf.
Rauðhellu 13
Fjarðargrjót ehf.
Furuhlíð 4
Fjörukráin hf.
Strandgötu 55
G. P. Kranar ehf
Skútahrauni 2a
Hagtak hf.
Fjarðargötu 13-15
Héraðsdómur Reykjaness
Fjarðargötu 9
Hlaðbær Colas hf.
Hringhellu 6
Holtanesti
Melabraut 11
Hvalur hf.
Reykjav.veg 48 Box 233
Icetransport ehf.
Gjótuhrauni 4
Íslandsprent ehf
Steinhellu 10
Japanskar-vélar ehf.
Dalshrauni 26
KM Byggingar
Miðvangi 41
Kvikmyndahúsið ehf.
Trönuhrauni 1
Lipurð ehf.
Hjallahrauni 4
Lögmenn Hafnarfirði ehf.
Reykjavíkurvegi 60
MEST ehf.
Fornubúðum 5
Oddur bakari ehf
Furuvöllum 12
Rafgeymasalan ehf.
Dalshrauni 17
Raf-x ehf.
Hvaleyrarbr.29 Box 416
RB Rúm ehf.
Dalshrauni 8
Reebok Ísland ehf
Drangahrauni 4
Suðurverk hf.
Drangahrauni 7
Suzuki umboðið ehf
Kaplahrauni 1
Trégaur ehf.
Suðurgötu 31
Tveir bræður ehf
Blómvang 18
Viking björgunarbúnaður
Hvaleyrarbraut 27

## Álftanes

Klettur, verktakar
Blikastíg 18

## Keflavík

A. Óskarsson ehf.
Heiðargerði 8
BG veitingar ehf
Hafnargötu 17
Brunavarnir Suðurnesja
Hringbraut 125
Efnalaugin Vík
Hafnargötu 30
Eggert og Laufey ehf. - Ungó
Hafnargötu 6
Fasteignasalan Stuðlaberg ehf.
Hafnargötu 29
Frístund
Faxabraut 27
Gæfusmiðurinn ehf.
Heiðarvegi 6
Húsanes ehf.
Hafnargötu 20
Ice Bike
Iðavöllum 10
Langbest
Hafnargötu 62
Málverk sf.
Skólavegi 36
Nesbyggð ehf
Hafnargötu 51
Nesprýði ehf
Vesturbraut 10-12
Plastgerð Suðurnesja ehf.
Framnesvegi 21
Pústþjónusta Bjarkars
Hrannargötu 3, Box 76
Rafiðn ehf.
Víkurbraut 1
Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
Skipting ehf.
Grófinni 19
Smurstöð og hjólbarðaþjónusta Björns og Þórðar
Vatnsnesvegi 16
Sólbaðs- og þrekmiðstöðin Perlan
Vesturgata 21
Tjarnartorg ehf
Norðurvöllum 32
TRIX
Hafnargötu 30
UPS hraðsendingar - Vallarvinir ehf
Bygging 10, Box 40
Útfararþjónusta Suðurnesja
Vesturbraut 8
Varmamót ehf.
Framnesvegi 19
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.
Víkurbraut 13
Verktakasambandið ehf
Grófinni 9-11

## Keflavíkurflugvöllur

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
Grænási
Suðurflug ehf.
Kefl.flugv/Bygging 9235

## Grindavík

E.P. verk ehf.
Vörðusundi 5
Martak ehf.
Hafnargötu 21
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur
Hafnargötu 9
Smiðshöggið ehf
Túngötu 16
Þorbjörn hf.
Hafnargötu 12

## Sandgerði

Flugfiskur hf.
Box 45
Málningarvinna Carls ehf
Víkurbraut 9b
Garður

Nesfiskur ehf.
Gerðavegi 32
Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar
Heiðartúni 2
Raftýran sf.
Lyngbraut 1
Von ehf.
Skagabraut 42

## Njarðvík

ÁÁ Verktakar ehf.
Starmóa 13
Bílahúsið.is - I.H. söluumboð
Holtsgötu 52
Bílar og hjól ehf.
Njarðarbraut 11d
Bílbót sf.
Bolafæti 3

**Stéttarfélagsmiðar**

# Edduhótel

Eins og undanfarin sumur verða í boði fyrir félagsmenn niðurgreiddir gistimöguleikar á Edduhótelunum. Verð á greiðslumiða er 4.000 kr. Hver miði gildir fyrir tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt. Leyfilegt er að taka með sér börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur svefnpoka eða rúmföt meðferðis. Hótelin útvega dínur.

**Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelunum** sem eru 15 hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu. Hótelin bjóða gistingu ýmist í herbergjum með handlaug eða með baði og sum hvorutveggja. Á Edduhótelunum er boðið upp á fjölbreyttar veitingar.

**Sé gist í herbergi m/baði greiðist aukagjald kr. 4.100 á herbergi. Sé gist í herbergi m/baði á Hótel Eddu Plus* greiðist aukagjald kr. 5.700,-.**



*Hótel Edda Plus eru Hótel Edda, Akureyri, Laugum í Sælingsdal, Hellissandi og Vík. Þar eru herbergi með baði, sjónvarpi og síma. Varðandi veitingar viljum við taka fram að börn 0 - 5 ára fá frían mat og börn 6 - 12 ára greiða hálft gjald. Morgunverður kr. 900 á mann. Edduhótelin eru almennt opin á tímabilinu byrjun júní til ágústloka en þó eru undantekningar á því sem félagsmönnum er bent á að kynna sér sérstaklega hjá starfsmönnum Edduhótelanna í síma 444 4000 og edda@hoteledda.is

Upplýsingar um hótelin má einnig fá á heimasíðu **www.hoteledda.is**

# Fosshótel

Orlofsnefnd hefur ákveðið að bjóða félagsmönnum áfram gistimiða á Fosshótelunum sem staðsett eru vítt og breytt um landið. Verð á gistimiða er kr. 4.000,- fyrir tveggja manna herbergi með baði ásamt morgunverði sem gildir til 31. desember 2007.

**Ekkert aukagjald er greitt fyrir eitt barn yngra en tólf ára.**

Gestir greiða síðan eftirfarandi aukagjald á viðkomandi hóteli:

- kr 1.000,- í júlí og ágúst á Fosshótel Áningu og Fosshótel Nesbúð.
- kr 3.500,- í júlí og ágúst fyrir herbergi á Fosshótel Lind, Baron, Suðurgata, Reykholt, Laugum, Húsavík, Hallormsstað, Vatnajökli, Fosshótel Mosfell.
- kr 1.500,- í janúar-júní og september-desember fyrir herbergi á Fosshótel Lind og Baron Reykjavík.
- kr 2.900,- fyrir auka rúm.



**Fosshótel á Íslandi eru:**

| | | |
|---|---|---|
| Fosshótel Lind, Rauðarárstígur 18, 101 Reykjavík | allt árið | 562 3350 |
| Fosshótel Baron, Baronstígur 2 Skúlagötumegin, 101 | allt árið | 562 3204 |
| Fosshótel Suðurgata, Suðurgötu Reykjavík | 03.06 - 23.08 | 562 4018 |
| Fosshótel Húsavík, Ketilsbraut 22, 640 Húsavík | allt árið | 464 1220 |
| Fosshótel Nesbúð, Nesjavellir, 801 Selfoss | allt árið | 482 3415 |
| Fosshótel Mosfell, Þrúðvangur 6, 850 Hella | allt árið | 487 5828 |
| Fosshótel Reykholt, 320 Reykholt | allt árið | 435 1260 |
| Fosshótel Vatnajökull, Lindarbakka 781 Hornarfirði | 15.05.- 25.09 | 478 2555 |
| Fosshótel Laugar, 650 Laugar | 01.06.- 23.08 | 464 6300 |
| Fosshótel Áning, Skagfirðingsbraut 21, 550 Sauðárkrókur | 01.06.- 21.08 | 453 6717 |
| Fosshótel Hallormsstaður, 701 Hallormsstaður | 06.06.- 25.08 | 471 1705 |

Miðar sem ekki eru notaðir verða ekki endurgreiddir heldur er hægt að endurnýja þá gegn 100 kr. gjaldi per miða. Nánari upplýsingar eru að fá í síma 562 4000 eða á heimasíðu www.fosshotel.is
**Sala gistimiða hefst 1. júní á skrifstofu LL**


Kaffi Paradís
MUNAÐARNES
Sími: 525-8441

**Nánari upplýsingar má finna á heimsíðu Kaffi Paradísar: www.lystisemdir.is**

***Í júní opnum við aftur Kaffi Paradís, nauðsynjavöruverslun og bar***
***Bjóðum uppá fjölbreyttan matseðil og ýmsar uppákomur***

*Brúðubíllinn kemur í heimsókn, lifandi tónlist á laugardagskvöldum, tilboð í mat og drykk og margt fl.*
*Í verslun okkar verður boðið uppá helstu nauðsynjavörur, heimabökuð brauð og ýmislegt girnilegt góðgæti.*
*Minnum á glæsilega aðstöðu fyrir fundi og veisluhöld af öllu tagi.*


***Upplýsingar um opnunartíma í sumar, helstu viðburði ofl má finna á fylgibréfi samnings og í andyri þjónustumiðstöðvarinnar.***

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi


ESSE ehf
Stekkjargötu 51
Kaffitár ehf.
Holtsgötu 52
R.H.innréttingar ehf.
Stapabraut 1
Radíóvík ehf.
Brekkustíg 14
Ragnar Halldórsson / R. H. Innréttingar
Stapapabraut 1
Renniverkstæði Jens Tómassonar ehf.
Fitjabakka 1c
Stapinn
Njarðvík

## Mosfellsbær

Afltak ehf
Völuteigi 1
Byggingafélagið Timburmenn
Esjumel 7
Byggingarfélagið Baula ehf.
Arkarholti 19
Glertækni ehf.
Völuteigi 21
Ísfugl ehf.
Reykjavegi 36
Kjósarhreppur
Ásgarður
Veiðiland ehf.
Flugumýri 8

## Akranes

B.Ó.B. sf,vinnuvélar
Kalmannsvöllum 3
Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf.
Dalbraut 6
Bílaröst ehf.
Kalmansvöllum 3
Glugga og Glerhöllin
Ægisbraut 30
GT tækni ehf
Grundartanga
Runólfur Hallfreðsson ehf.
Krókatúni 9
Skagaverk ehf.
Skarðsbraut 11
Smellinn hf.
Höfðaseli 2
Smurstöðin Akranesi sf.
Smiðjuvöllum 2
Sýslumaðurinn á Akranesi
Stillholti 16-18
Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf.
Smiðjuvöllum 6

## Borgarnes

Bílasala Vesturlands sf.
Sólbakka 2
JG vélar sf
Kveldúlfsgötu 18
Loftorka Borgarnesi ehf.
Engjaási 2-8
Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf.
Borgarbraut 61
Velverk ehf
Ásbrún Kolbeinsstaðahrepp
Völundur Sigurbjörnsson
Kvíaholti 12

## Stykkishólmur

Narfeyri ehf.
Ásklifi 10
Þ.B. Borg - steypustöð ehf
Silfurgötu 36

## Grundarfjörður

Góð mál ehf.
Grundargötu 18
Sægarpur ehf
Sæbóli 34

## Ólafsvík

Grímsi ehf.
Hjallabrekku 5

## Hellissandur

Esjar ehf
Hraunási 13
Skarðsvík hf.
Munaðarhóli 10
Snævélar ehf
Laufási 1
Þorgeir Árnason ehf.
Háarifi 27 Rifi

## Búðardalur

Arnarklettar ehf
Dalbraut 10
Sýslumaðurinn í Búðardal
Miðbraut 11

## Ísafjörður

Bílaverkstæði SB ehf.
Sindragötu 3
Cafe Langi Mangi
Aðalstræti 22
Félag opinberra starfsmanna
á Vestfjörðum
Hafnarstræti 6
Frystikerfi ehf.
Suðurgötu 9
Fylkir.is
Fjarðarstræti 15
Hamraborg ehf.
Hafnarstræti 7
Heiðarfell ehf
Suðurtanga 6
KNH ehf.
Grænagarði
Laugi ehf.
Sindragötu 3
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Hafnarstræti 1

## Súðavík

Súðavíkurhreppur
Grundarstræti 1-3

## Flateyri

Úlfar ehf.
Drafnargötu 2

## Tálknafjörður

Bókhaldsstofan Tálknafirði
Strandgötu 40
Eik ehf. - trésmiðja
Strandgötu 37
Þórsberg ehf.
Pósthólf 90

## Þingeyri

Véla- og bílaþjón Kristjáns ehf.
Hafnarstræti 14

## Brú

S.G. Verkstæði ehf
Borðeyri
Staðarskáli
Hrútafirði

## Hólmavík

Sýslumaðurinn á Hólmavík
Hafnarbraut 25

## Hvammstangi

Aðaltak sf
Höfðabraut 11
BBH útgerð ehf
Melavegi 9

## Blönduós

Kjalfell ehf
Efstubraut 2
Krákur ehf
Melabraut 21
Stígandi ehf.
Húnabraut 29
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Hnjúkabyggð 33

## Sauðárkrókur

Bifreiðaverkstæði Kaupfélags
Skagfirðinga
Freyjugötu 9
Hesturinn
Sæmundargötu 3
Héraðsdómur Norðurlands vestra
Skagfirðingabraut 21
Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
Króksverk ehf.
Borgarröst 4
K-Tak hf
Borgartúni 1
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Suðurgötu 1

## Varmahlíð

Múli ehf
Miðsitju

## Siglufjörður

Allinn ehf-sportbar
Þormóðsgötu 11-15
Byggingafélagið Berg ehf.
Norðurgötu 16
Egilssíld ehf
Gránugötu 27
Sparisjóður Siglufjarðar
Túngötu 3

## Akureyri

Amaro heildverslun - Viðar ehf.
Frostagötu 6c
Ásbyrgi - Flóra ehf.
Frostagötu 2a
Bakaríið við Brúna
Gleráreyrum 2
Bifreiðastöð Oddeyrar
Strandgata
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins hf.
Fjölnisgötu 2a
Blikk og tækniþjónustan hf.
Kaldbaksgötu 2
Bónstöð Norðurlands
Njarðarnesi 1
Bæjarverk hf.
Rauðamýri 11
Eining Iðja
Skipagötu 14
Ekill ehf
Holtateigi 19
Félag verslunar- og skrifstofufólks
Skipagötu 14
FoodCo ehf v/Greifans
Glerárgötu 20
G.V. gröfur ehf.
Óseyri 2
Girðir ehf.
Lónsbakka
Héraðsdómur Norðurlands eystra
Hafnarstræti 107
Húsbílar ehf.
Njarðarnesi 2
Kaffi Torg
Glerártorgi
Kjarnafæði hf.
Fjölnisgötu 1b
Lostæti ehf.
Naustatanga 1 box 234
Lögmannsstofa Hreins Pálssonar hrl.
Hofsbót 4
Lögmannsstofan Lögmannshlíð
Ráðhústorgi 3
Raf ehf.
Óseyri 6
Rafmenn ehf.
Fjölnisgötu 2b
Rafós sf.
Skipagötu 14
Raftákn ehf.
Glerárgötu 34
S.S. byggir ehf.
Njarðarnes 14
Straumrás hf.
Furuvöllum 3
Tis ehf
Skipagötu 14
Tréborg ehf.
Njarðarnes 6
Tölvuvinnslan
Hafnarstræti 101
Vaxtarræktin ehf -Íþóttahöllini
v/ Skólastíg
Vélsmiðjan Ásverk ehf.
Grímseyjargötu
Þekking hf.
Hafnarstræti 91-95

## Dalvík

Steypustöðin Dalvík ehf.
Sunnubraut 11

## Húsavík

Eðalbrauð Heimabakarí
Garðarsbraut 15
G.P.G. fiskverkun ehf.
Suðurgarðar
Höfðavélar ehf
Höfða 24c
Sýslumaðurinn á Húsavík
Útgarði 1
Víkurraf ehf.
Héðinsbraut 4

## Þórshöfn

B.J. Vinnuvélar ehf.
Hálsvegi 2

## Bakkafjörður

Hraungerði ehf
Hraunstíg 1

## Egilsstaðir

Austurtak ehf, verktakar
Bjarkargrund 1-3
Bílaverkstæði Borgþórs ehf.
Miðási 2
Bólholt hf.
Lagarfelli 10
Eskfirðingur hf.
Furuvellir 4
G. Ármannsson ehf.
Ártröð 12
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Einhleypingi 1
Kaupfélag Héraðsbúa
Kaupvangi 6
Miðás hf.
Miðási 9
Myllan hf.
Miðási 12
Snarvirki hf.
Kaupvangi 23b




AALBORG PORTLAND

Útfararþjónustan

ARK ÖRYGGISKERFI

B&L

Bílahornið

Bakarameistarinn

dælur

FRUMHERJI HF

F FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

HITAVEITA SUÐURNESJA

www.akureyri.is Akureyri

Dóms- og Kirkjumálaráðuneytið

ÍSTAK

LANDSNET

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

**Þegar andlát ber að höndum**

Útfararstofan annast meginhluta allra útfara á höfuðborgarsvæðinu.
Þar starfa nú 15 manns við útfararþjónustu og kistuframleiðslu.

***Alúðleg þjónusta sem byggir á langri reynslu***

**Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf.**

Vesturhlíð 2 – Fossvogi – Sími 551 1266 – www.utfarastofa.com

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA



*Norðurlandamót í golfi:*

***Menn að fylgjast með bráðabananum við 18. grínið***

# Grátbólginn liðsstjóri *í skógarferð*



***Óskar í teighöggi á einni af fallegri holum vallarins. Þröng finnst ykkur ekki?***

**Síðasta Norðurlandamót í golfi fór fram í september 2005 á Skjeberg-golfvellinum sem er staðsettur í um tveggja tíma akstursfæri frá Ósló. Mín helsta minning frá mótinu er af sjálfum mér þar sem ég stóð lengst inni í skógi, blautur og bugaður við að reyna að finna helv.... golfkúluna mína! Það er á svoleiðis stundum sem manni verður óneitanlega hugsað heim á æskuslóðirnar. Hvernig er annað hægt þar sem maður klifrar yfir skógi vaxna rennblauta kletta með golfsettið á bakinu, greniköngla í hárinu, barrnálar í bossanum, blautur á fótunum, með krónískan tennisolnboga og óútskýrða sveppasýkingu á litlu tá! Það er einmitt við svona aðstæður sem maður muldrar við sjálfan sig einhvers staðar inn á milli oddhvassra trjágreina með tárin í augunum; „Af hverju geta ekki allir golfvellir verið eins og elsku Leiran mín á vorkvöldi?“ Þar getur maður svo gott sem „helslæsað“ og „kolhúkkað“ út um allan völl (sem er gott ef maður hefur mína golfhæfileika!) án þess nokkurn tímann að þurfa að berjast við svo mikið sem eitt einasta tré og hvað þá að þurfa að tína grenaköngla úr hárinu eftir skógarferðir.**

### Pínleg kúlukaup í golfverslun

Eftir að hafa farið sem liðsstjóri golflandsliðsins ÍSL tvö ár í röð, fyrst árið 2004 til Frakklands og svo í þessa ferð til Noregs, kann ég sífellt betur og betur að meta Leiruna mína. Ekki svo að skilja að þetta hafi ekki verið glæsilegir vellir, af og frá, þeir voru báðir í sérflokki hvað varðar gæði og umhirðu en þeir voru hins vegar báðir þröngir skógarvellir þar sem litlir golfstrákar frá Íslandi geta auðveldlega fengið vaðandi innilokunarkennd! Svo ég tali nú ekki um niðurlæginguna af því að fara vægast sagt hnípinn eftir fyrri æfingahring í golfverslunina í klúbbhúsinu og biðja niðurlútur um ódýrustu golfkúlurnar. Það er auðvitað vegna þess að maður tímir einfaldlega ekki að spila með fínu dýru kúlurnar sínar sem hvort eð er endast bara fyrri níu áður en maður er búinn að týna þeim öllum. Svo maður endar á því að spila með eitthvað sem heitir Dunlop Maxspin-Topspin-Ultradistance-Hypersoftcore-Verysolongball- upintheairandontothegreen- eða hvað þetta nú heitir allt sem maður mundi auðvitað ekki láta sjá sig með dauðan á góðum degi!

### Íslendingur starfandi á vellinum

Golflandsliðið á Norðurlandamótinu í fyrra samanstóð af þeim Sigurbirni Þorgeirssyni frá Ólafsfirði, Húnboga Jóhannssyni og Sigurði Péturssyni úr Reykjavík, Annel J. Þorkelssyni, Óskari Halldórssyni og Hilmari Björgvinssyni af Keflavíkurflugvelli og hafði liðið verið valið eftir hefðbundnum leiðum í úrtökumótum um sumarið. Undirritaður var liðsstjóri ásamt Pétri Jóhannssyni frá Akranesi. Eins og áður kom fram var völlurinn stórglæsilegur þó að hann hafi verið erfiður og „yfirpróinn“ á staðnum var Íslendingurinn Jón H. Karlsson sem tók auðvitað mjög vel á móti löndum sínum og vil ég þakka honum hér fyrir öll liðlegheitin.

### Gamla góða gullna reglan

Eitthvað rigndi nú á okkur á æfingadögunum sem kom mér ekki á óvart verandi búinn að vera fimm vikur í Noregi áður en kom að mótinu. Ég held svei mér þá að það rigni meira í Noregi en í meðalhitabeltisskógi! Keppnisdagarnir voru þó fínir og veðrið mjög gott. Eftir fyrri keppnisdag var okkar maður Sigurbjörn með forystuna á 72 höggum og það með fjögurra högga forystu takk fyrir! Sigurður var á 77, Húnbogi á 81, Annel á 82, Hilmar á 87 og Óskar á 88. Fyrirkomulagið var að fimm menn töldu og staðan eftir fyrri keppnisdag var því þannig að við vorum í öðru sæti á eftir Svíum, Norðmenn í þriðja sæti og Danir ráku lestina. Við gátum því verið sáttir við árangurinn og ekki er laust við að Sigurbjörn hafi verið nokkuð drjúgur með sig eftir daginn, barið sér á brjóst og hundskammað félaga sína fyrir dugleysi og aumingjaskap. Svo er ég ekki frá því að hann hafi fengið



*Okkar menn á æfingasvæðinu*

sér eitt eða tvö auka ísblóm á MacDonald´s um kvöldið! Reyndar er nú Bjössi kallinn alltaf hógværðin uppmáluð og ber sér sjaldnast á brjóst og fer mikinn...... en sagan er auðvitað betri svona....og hér verður sú gullna regla höfð í heiðri að aldrei skal sannleikurinn látinn standa í vegi fyrir góðri sögu! Sigurbjörn fór því að sofa sáttur mjög og glaður að kvöldi fyrri keppnisdags og sveif inn í svefninn dreymandi gullpeninga, bikara, frægð og frama.

### Enduðum í öðru sæti

Eitthvað hefur nú Bjössa vin minn dreymt meira krassandi um nóttina heldur en golfkúlur og kylfur eða þá að hann hefur farið veggmegin fram úr rúminu!

Gleðin varð sem sé því miður skammvinn hjá Sigurbirni á seinni keppnisdeginum því að honum gekk vægast sagt illa og endaði hann leik á 85 höggum sem dugði honum bara í 4. sæti í einstaklingskeppninni. Aðrir léku þannig að Sigurður var á 82 höggum, Húnbogi á 80, Hilmar á 84, Annel á 89 og Óskar á 86. Þetta þýddi það að við enduðum í öðru sæti á eftir Svíum sem urðu Norðurlandameistarar og Danir og Norðmenn voru jafnir í 3. – 4. sæti. Einstaklingskeppnin fór þannig að í fyrsta sæti varð Oskar Baltser frá Svíþjóð eftir bráðabana við Norðmanninn Anders Hoen, Svíinn Jörgen Hylen varð í þriðja sæti og eins og áður sagði varð Sigurbjörn ásamt Dananum Steen Hansen í fjórða sæti, aðeins einu höggi frá þriðja sætinu. Einhver vísir að liðsstjórakeppni fór fram meðan á mótinu stóð en við skulum láta úrslit hennar alveg liggja á milli hluta enda er það alveg óþarfi að rífa hér upp gömul sár sem maður er búinn að eyða bæði fé og fyrirhöfn í að reyna að græða! Ég væri svo sem til í að segjast hafa rúllað upp liðstjórakeppninni en jafnvel þó að gullna reglan yrði hér höfð að leiðarljósi mundi guð einfaldlega ljósta mig eldingu úr heiðskírum himni við svo króníska lygasögu!

### Yfirburðasigur hjá okkar mönnum!

Verðlaunaafhending fór svo fram um kvöldið á hótelinu okkar og þar voru mættir þeir Óskar Bjartmarz okkar andlegi leiðtogi í ÍSL, eða regnbogi mannlegrar visku og kærleika eins og hann heimtar að við köllum hann (gullna reglan aftur!), og Guðmundur St. Sigmundsson en þeir félagar sátu fund hjá stjórn og tækninefnd Norræna lögregluíþróttasambandsins á sama tíma og mótið fór fram. Eins og alltaf unnum við Íslendingarnir í lokahófinu með fáheyrðum yfirburðum enda erum við auðvitað langskemmtilegastir! Ég vil að lokum þakka þeim keppendum sem fóru á mótið á vegum ÍSL en eins og alltaf áður stóðu menn sig með prýði og voru landi sínu og liði til sóma á allan hátt, innan sem utan golfvallar.

*Friðrik K. Jónsson*
*Keflavíkurflugvelli stjórnarmaður í ÍSL*



*Hópurinn sem fór út. Efri röð frá vinstri: Sigurbjörn, Annel, Óskar og Hilmar. Neðri röð f.v. Húnbogi, Friðrik, Pétur og Sigurður.*

# Norðurlandamót lögreglumanna *í judo og lyftingum*

*- haldið í Nyköbing-Falster dagana 16 – 18. október 2006*

**Stjórn ÍSL ákvað að senda judomenn til þátttöku í Norðurlandamóti í judo og lyftingum sem haldið var í Nyköbing-Falster í Danmörku dagana 16 – 18. október 2006. Valdir voru fimm lögreglumenn til þátttöku á móti þessu og þegar upp var staðið gátu bara tveir þeirra tekið þátt í ferð þessari. Fóru til keppni þeir Jón Kristinn Þórsson sérsveitarmaður hjá ríkislögreglustjóra og Gunnar B. Sigurðsson lögreglumaður hjá LRH. Liðsstjóri og þjálfari var Sigurður Bergmann og fararstjóri var Gissur Guðmundsson stjórnarmaður ÍSL.**

Í Nyköbing-Falster var vel tekið á móti keppendum og var aðbúnaður góður og aðstaða til keppni mjög góð. Gunnar B. Sigurðsson var skráður til þátttöku í 100 kg+ og féllu allir keppendur frá þátttöku sem höfðu verið skráðir til keppni í þeim flokki og tók Gunnar þátt í opnum flokki og tapaði þremur glímum í þeim flokki og vann ekki til verðlauna. Jón Kristinn tók þátt í -90 kg flokki þar sem fjórir keppendur voru skráðir til keppni. Jón Kristinn náði að leggja Morten Bollesen frá Danmörku og tapaði tveimur glímum og hafnaði í 3. sæti og hlaut brons í -90 kg flokki og stóð Jón Kristinn sig vel í þessum flokki. Einungis 14 judomenn tóku þátt í móti þessu og voru mjög frambærilegir ungir lögreglumenn frá Danmörku og Finnlandi sem þarna voru að keppa á sínu fyrsta móti. Það kom fram hjá félögum frá hinum Norðurlöndunum að ekki væri mikil nýliðun í judo og lyftingum hjá þeim sem væru að hefja störf í lögreglunni.

Stjórn ÍSL hefur ákveðið að senda judomenn til þátttöku í Evrópumóti í judo sem fram fer í Moskvu í Rússlandi í lok mars og hafa þeir Sigurður Bergmann, Bjarni Skúlason og Jón Kristinn Þórsson verið valdir til þátttöku í móti þessu sem fulltrúar ÍSL.

*Gissur Guðmundsson*
*ritari ÍSL*



# Landsmót lögreglumanna í skotfimi 2006

*Mótið í heild sinni reyndist afar skemmtilegt og spennandi. Hökti að vísu nokkuð í fyrstu vegna ítrekaðra bilana í tækjabúnaði. En lögreglumenn eru vanir að leysa vandamál sem upp koma og sýndu menn snilldar rafvirkjatakta vopnaðir vasahnífum og verkfærasettinu úr jeppanum hans Ásgeirs Þórs*

**Dagana 21. – 23. febrúar var landsmót ÍSL í skotfimi fyrir árið 2006 loks haldið. Mótinu hafði ítrekað verið frestað á árinu 2006 og fór svo að ekki reyndist unnt að koma því að fyrr en eftir áramót. Það er því ljóst að á árinu 2007 verða tvö mót í skotfimi á vegum ÍSL.**

Upphaflega stóð til að Reykvíkingar tækju að sér mótahaldið en einhverra hluta vegna varð ekki úr því. Undirritaður ásamt Gissuri Guðmundssyni tók svo að sér framkvæmd mótsins fyrir hönd ÍSL.

Það er orðið ljóst að skotfimin er orðin meðal stærri íþróttaviðburða meðal lögreglumanna. Nálægt 40 lögreglumenn mættu til keppni að þessu sinni.

Keppt var í þremur greinum, þ.e. fækkað um eina frá því sem verið hefur. Keppni í staðlaðri skammbyssu hefur verið fámenn á undanförnum árum og hefur fjöldi keppenda farið niður í þrjá. Þá er að því best er vitað enginn lögreglumaður að æfa þessa erfiðu grein og sárafáir sem eiga byssu sem er lögleg í keppni. Því var tekin sú ákvörðun að fella niður keppni í greininni a.m.k. að þessu sinni.

Mótið í heild sinni reyndist afar skemmtilegt og spennandi. Hökti að vísu nokkuð í fyrstu vegna ítrekaðra bilana í tækjabúnaði. En lögreglumenn eru vanir að leysa vandamál sem upp koma og sýndu menn snilldar rafvirkjatakta vopnaðir vasahnífum og verkfærasettinu úr jeppanum hans Ásgeirs Þórs. Einhver hafði á orði að það væri lán að einhverjir lögreglumenn væru enn þá þannig akandi að þeir þyrftu að vera vel búnir verkfærum.

Mótið hófst á miðvikudegi með keppni í loftskammbyssu. Ellefu lögreglumenn mættu til keppni og þar af þrjár konur. Athyglisverðasti árangur mótsins var frammistaða Ingu Birnu Erlingsdóttur frá embættinu á Seyðisfirði. Hún mætti til leiks og fékk u.þ.b. 5 mín. kennslu í skotfimi með loftskammbyssu og hóf í beinu framhaldi keppni. Náði árangrinum 503 stig sem er með hreinum ólíkindum. Átti hún m.a. hrinu upp á 94 stig sem er með því besta sem sést í mótum á Íslandi.

**Úrslit urðu þessi:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. sæti: | Þorsteinn Þór Guðjónsson | Höfuðb. | 546 stig |
| 2. sæti: | Kristína Sigurðardóttir | Höfuðb. | 541 stig |
| 3. sæti: | Jón S. Ólason | Akranes | 528 stig |

**Tvær sveitir voru skráðar til kepppni**

**1. sæti:** **Sveit höfuðborgarsv. 1.542 stig**
Kristína Sigurðardóttir
Þorsteinn Þór Guðjónsson
Þórir Björgvinsson

**2. sæti:** **Sveit Akraness 1.479 stig**
Jónas H. Ottósson
Jóhanna Heiður Gestsdóttir
Jón S. Ólason

Í loftskammbyssu er einnig keppt um titilinn efnilegasta skyttan. Í þeirri keppni taka sjálfkrafa þátt þeir keppndur sem aldrei hafa náð árangri sem er 500 stig eða meira.

Titilinn í flokki kvenna hlaut Inga Birna Erlingsdóttir Seyðisfirði og í flokki karla Eiríkur Stefán Einarsson höfuðborginni.

Þann 22. febrúar var svo keppt í opnum flokki. Þar mættu níu keppendur til leiks og urðu úrslit þessi:

**Konur:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. sæti: | Kristína Sigurðardóttir | Höfuðb. | 531 stig |
| 2. sæti: | Inga Birna Erlingsdóttir | Seyðisf. | 318 stig |

**Karlar:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. sæti | Jón S. Ólason | Akranes | 529 stig |
| 2. sæti: | Eiríkur Óskar Jónsson | RLS | 525 stig |
| 3. sæti: | Þorsteinn Þór Guðjónsson | Höfuðb. | 518 stig |

**Tvær sveitir voru skráðar til keppni:**

**1. sæti: Sveit höfuðborgarsv. 1.505 stig**
Kristína Sigurðardóttir
Þorsteinn Þór Guðjónsson
Eiríkur Stefán Einarsson

**2. sæti: Sveit höfuðborgarsv. 795 stig**
Bogi Sigvaldason
Haukur Árni Hermannsson
Gísli Jökull Gíslason

Glock-keppnin var óvenjuspennandi þetta árið og þátttaka með allra mesta móti eða 38 manns. Keppnin átti að fara fram á föstudeginum en vegna fjölda keppenda varð að hefja keppni á fimmtudagseftirmiðdeginum.

Aldrei áður hefur verið svo mjótt á munum í einstaklingskeppni karla annars vegar og liðakeppni hins vegar. Í einstaklingskeppninni skildu aðeins 13 stig milli 11 efstu manna og tvö stig milli þriggja efstu. Sautján stig skildu milli þriggja efstu sveita.

**Úrslit urðu þessi:**

**Konur:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. sæti: | Kristína Sigurðardóttir | Höfuðb. | 213 stig |
| 2. sæti: | Inga Birna Erlingsdóttir | Seyðisf. | 198 stig |
| 3. sæti: | Laufey Gísladóttir | Borgarnesi | 111 stig |

**Karlar:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. sæti: | Gestur K. Pálmason | Suðurnesin | 237 stig |
| 2. sæti: | Gísli Þorsteinsson | Höfuðb. | 236 stig |
| 3. sæti: | Bergur Jónsson | Akureyri | 235 stig |

Hvorki meira né minna en 10 sveitir voru skráðar til keppni. Þrjár efstu voru:

**1. sæti: Sérsveitarmenn Suðurnesjum 686 stig**
Ólafur Örvar Ólafsson
Gunnsteinn Ö. Hjartarson
Gestur K. Pálmason

**2. sæti: Sveit Akureyrar 671 stig**
Bergur Jónsson
Bjarni Sigursteinsson
Ólafur Ólafsson

**3. sæti Sveit Akraness 669 stig**
Jón S. Ólason
Arnar Geir Magnússon
Jónas H. Ottósson

Að lokum eru þeim færðar þakkir sem aðstoðuðu yfir keppnisdagana en þeir eru: Friðrik K. Jónsson, Sigurgeir Arnþórsson, Ásgeir Sigurgeirsson (Skotfélagi Reykjavíkur) og Guðmundur Kr. Gíslason (Skotfélagi Reykjavíkur). Síðast en alls ekki síst eru Magnúsi Einarssyni fv. yfirlögregluþjóni færðar þakkir fyrir hans framlag til mótsins. Hans hlutverk var að sjá til þess að allrar sanngirni væri gætt við dómgæslu þar sem aðrir dómarar voru meira og minna vanhæfir vegna eigin þátttöku í keppninni.

Stefnt er að því að Landsmót ÍSL fyrir árið 2007 verði haldið í maí. Ekki var annað að heyra en að mikill hugur væri í keppendum að loknu móti og flestir ef ekki allir ætla sér stóra sigra á næsta móti. Mönnum er því hollast að slaka hvergi á æfingum.

***Jón S. Ólason***



***Sigurvegarar í kvennaflokki í skotfimi. Frá vinstri Inga Birna Erlingsdóttir, Kristína Sigurðardóttir og Jóhanna Heiður Gestsdóttir. Á myndina vantar Laufey Gísladóttur.***



# Þing ÍSL 2006

**Þinginu, sem halda átti í maí í fyrra, var frestað fram í nóvember. Var það haldið í Félagsheimili LR í Brautarholti 4. nóvember og rétt til þingsetu áttu 27 þingfulltrúar frá 14 íþróttafélögum/nefndum innan ÍSL. Einnig eiga stjórn og endurskoðendur sambandsins rétt á þingsetu með málfrelsi og tillögurétt. Þingið sóttu fulltrúar frá sjö félögum/nefndum ásamt nokkrum stjórnarmönnum en það voru liðlega 30 sem sátu þingið sem er með því fjölmennara. Sérstakur gestur þingsins var Stefán Eiríksson lögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.**

Þingforseti var Arinbjörn Snorrason en þingritari var Guðmundur Sigmundsson.

Óskar Bjartmarz formaður flutti skýrslu stjórnar og kom víða við. Fór hann yfir starfsemina frá þingi ÍSL árið 2004 s.s. landsmót á vegum ÍSL í golfi, skotfimi, innanhússknattspyrnu og öldungamótið í innanhússknattspyrnu ásamt þátttöku í Norðurlanda- og Evrópumótum, mót Norrænu sakamálabókarinnar og fl. Hann gat um samstarfssamning sem gerður var í upphafi árs á milli dómsmálaráðuneytisins og ÍSL (sagt frá honum í 1. tbl. Lögreglumannsins 2006). Þá ræddi ÓB um húsnæðismál ÍSL en upp voru komnar hugmyndir um að selja húsnæði ÍSL að Snorrabraut 27 og flytja hugsanlega aftur í húsnæði LR í Brautarholti en þá voru fyrirhugaðar miklar breytingar í Brautarholti. Nokkrar umræður urðu um íþróttastarfsemi meðal lögreglumanna og einnig þær breytingar sem voru fram undan um síðustu áramót varðandi uppbyggingu lögreglunnar í landinu. Í skýrslu Óskars Sigurpálssonar gjaldkera kom fram að kostnaður sambandsins af starfseminni er mikill en helsti tekjuliðurinn er samningur við Íslenska lögregluforlagið sem varðar útgáfu á Ferðafélaganum og bókinni Norræn sakamál. Þrátt fyrir mikinn kostnað er rekstur sambandsins réttu megin og lýstu reikningar sambandsins fyrir árin 2004 og 2005 mikilli starfsemi ÍSL.

ÓB var endurkjörinn formaður til næstu tveggja ára og tveir nýir stjórnarmenn voru kosnir, þ.e. Jón S. Ólason Akranesi og Hafdís Albertsdóttir Reykjavík en hún er fyrsta konan sem kosin er í stjórn ÍSL en vel fer á því þar sem eitt af markmiðum með samstarfssamningnum við dómsmálaráðuneytið er einmitt að efla þátttöku kvenna í íþróttum lögreglumanna. Aðrir í stjórn ÍSL sem voru endurkjörnir eru: Guðmundur St. Sigmundsson, Gissur Guðmundsson, Óskar Sigurpálsson, Arinbjörn Snorrason og Sigurður Benjamínsson (nú lögreglunni höfuðborgarsvæðinu), Friðrik K. Jónsson, Kristján F. Geirsson (nú lögreglunni á Suðurnesjum) og Hálfdán Daðason hjá RLS. Úr stjórn gengu Pétur St. Jóhannesson Akranesi og Jens Hilmarsson Seyðisfirði. ÓB þakkaði þeim samstarfið.

Stefán Eiríksson ávarpaði þingið og lýsti yfir stuðningi við íþróttir lögreglumanna. Hann lagði einnig til að komið yrði á keppni í þríþraut sem hæfist í Hvalfirði og endaði í Reykjavík. Þríþrautin hæfist með sundi, síðan yrði hjólað og hlaupið. Kom þessi tillaga í framhaldi af því að Ásmundur Kr. Ásmundsson hjá RLS hafði sagt frá aðstöðu sem sérsveitin er með í Hvalfirðinum. Undir liðnum önnur mál var eins og jafnan hefur verið áður afhent heiðursmerki ÍSL en frá því er sagt í annarri grein.

Að loknu þingi var boðið upp á veitingar og nokkrir sátu fram eftir og spjölluðu um landsins gagn og nauðsynjar.

## Heiðurviðurkenningar ÍSL

Eftirtaldir aðilar fengu afhent heiðurmerki ÍSL á þingi ÍSL 2006:

### Gullmerki

Guðmundur M. Guðmundsson, fyrrverandi starfsmannastjóri lögreglunnar í Rvík., fyrir áralangan stuðning við íþróttir lögreglumanna.

### Silfurmerki ÍSL

Birgir St. Jóhannsson sem leikið hefur fyrir hönd ÍSL bæði í knattspyrnu og handknattleik, verið í stjórn ÍFL, Rvík, stjórn ÍSL og verið liðsstjóri og aðstoðarþjálfari handknattleiksliðs ÍSL.

Garðar Kristjánsson, einn af brautryðjendum íþróttastarfsemi lögreglumanna í Hafnarfirði sem verið hefur með á landsmótum ÍSL frá upphafi.

Óskar Sigurpálsson sem setið hefur í stjórn ÍFL, Rvík., og verið formaður þar, setið í stjórn ÍSL og keppt á Norðurlandamóti lögreglumanna í lyftingum.

Sigurður Benjamínsson, einn af þeim sem stóðu að blómlegu íþróttalífi hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, RLR sem áður var, keppt hefur fyrir hönd ÍSL í handknattleik og setið í stjórn ÍSL.

### Bronsmerki ÍSL

Guðjón R. Sveinsson 12 leikir í handknattleik, NPM

Hafdís Albertsdóttir 10 leikir í handknattleik og innanhússknattspyrnu

Hinrik Pálsson 14 leikir í handknattleik og knattspyrnu, NPM og bókamót

Huginn Egilsson 15 leikir í handknattleik og knattspyrnu, NPM og bókamót

Ingólfur Már Ingólfsson 6 leikir í handknatt-

leik, eitt skólamót og eitt handknattleiksmót án leiks, slasaðist
Kjartan Ægir Kristinsson 12 leikir í handknattleik og eitt skólamót
Lúðvík Kristinsson 14 leikir í körfuknattleik, EPM
Pétur Guðmundsson (kúla) Þrjú mót í frjálsum íþróttum, NPM og EPM, Evrópumeistari árið 1994 í London.
Þorsteinn Þorsteinsson 10 leikir í knattspyrnu og körfuknattleik, eitt skólamót og EPM í frjálsum íþróttum

Þá voru nokkrir aðrir sem áttu að fá afhent heiðursmerki ÍSL en gátu ekki mætt og hefur þeim verið eða verður afhent merkið við fyrsta hentugleika.

**Silfurmerki ÍSL**

Aðalsteinn Bernharðsson sem hefur keppt fyrir hönd ÍSL á NPM- og EPM-mótum í frjálsum íþróttum og verið liðsstjóri á öllum mótum Norrænu sakamálabókarinnar frá upphafi.
Daníel Snorrason sem var forsvarsmaður íþróttamála lögreglunnar á Akureyri hér á árum áður og sat í stjórn ÍSL.
Guðlaugur Gíslason var einn af forsvarsmönnum í íþróttastarfsemi lögreglumanna í Hafnarfirði hér á árum áður og hefur keppt fyrir hönd ÍSL í golfi.
Hálfdán Daðason sem hefur setið í stjórn ÍSL frá árinu 1988, þar af lengst af sem gjaldkeri.
Karl Hermannsson var einn af forsvarsmönnum í íþróttastarfsemi lögreglumanna í Keflavík, keppti á landsmótum, þjálfari knattspyrnuliðs ÍSL 1983 á NPM.
Pétur St. Jóhannesson var einn af forsvarsmönnum í íþróttastarfsemi lögreglumanna á Akranesi, keppti á landsmótum og sat í stjórn ÍSL til margra ára.
Valgarður Valgarðsson, hefur keppt fyrir hönd ÍSL bæði í knattspyrnu og handknattleik, verið þjálfari handknattleiksliðs ÍSL á Norðurlanda- og bókamótum. Var í fyrirsvari í íþróttamálum lögreglunnar í Hafnarfirði á árum áður.

**Bronsmerki ÍSL**

Árni Gunnarsson Þrjú mót, skólamót, NPM á skíðum og hjólreiðar
Bylgja H. Baldursdóttir 10 leikir í handknattleik og innanhússknattspyrnu
Dagný S. Hjörvarsdóttir 10 leikir í handknattleik og innanhússknattspyrnu
Friðrik K. Jónsson Þrjú mót í golfi, NPM, landskeppnir
Guðmundur Ómar Þráinsson Þrjú körfuknattleiksmót, EPM, 8 leikir
Hrafn Grétarsson 10 leikir í körfuknattleik, EPM
Sveinn Ægir Árnason 12 leikir í körfuknattleik, EPM

***Óskar Bjartmarz formaður***

*Var það haldið í Félagsheimili LR í Brautarholti 4. nóvember og rétt til þingsetu áttu 27 þingfulltrúar frá 14 íþróttafélögum/ nefndum innan ÍSL.*

KAUPÞING
MasterCard
MALBIKUN KM
Helga Leifsdóttir hdl.
Ármúla 15, 108 Reykjavík,
Sími 550 3700
NESDEKK
Seltjarnarnesi
Sími 561 4110
RAFVER
FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN
XF
SPORTARINN.is
spron
www.spron.is
VGK
Verkfræðistofa
SMITH & NORLAND



*Óli H. Þórðarson, fyrrverandi framkvæmdastjóri og formaður Umferðarráðs. Á síðasta þingi ÍSL var Óla H. Þórðarsyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra og formanni Umferðarráðs, þakkað fyrir áralangt samstarf Umferðarráðs við ÍSL. Samstarfið var með ýmsum hætti en mest snerist það um Ferðafélagann, rit ÍSL um umferð og umferðaröryggismál. Fékk hann afhentan platta þar að lútandi en hann er þriðji maðurinn sem stjórn ÍSL hefur þakkað með þessum hætti.*






# Mótalisti:

## Landsmót:

**Landsmót í innanhússknattspyrnu**
Akureyri — 30. - 31. mars

**Skotfimi**
Skotnefnd ÍSL — maí

**Golf**
Höfuðborgarsvæðið — júlí – ágúst

**Öldungamót innanhússkn.**
Ísafjörður — september

## Norðurlandamót:

**Knattspyrna**
Danmörk — 16. – 22. júní

## Evrópumót:

**Skotfimi**
Frakkland — 28. ágúst – 03. sept.

## Önnur mót:

**Lögregluskólamót Norrænu sakamálabókarinnar**
Svíþjóð — 20. – 22. apríl

**Innanhússknattspyrnumót Norrænu sakamálabókarinnar**
Finnland — október

# *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

Trésmiðja Guðna Þórarinssonar
Mássel
Ökuskóli austurlands
Háafelli 4a

## Seyðisfjörður

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Garðarsvegi 6
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Bjólfsgötu 7

## Reyðarfjörður

Kjötkaup hf
Óseyri 1

## Eskifjörður

Bílaverkstæði Ásbjörns
Strandgötu 14
Egersund Ísland ehf
Hafnargötu 2
Eskja hf.
Strandgötu 39

## Neskaupstaður

G.T. ehf - Verslunin Vík
Egilsbraut 6

## Fáskrúðsfjörður

Vöggur ehf.
Grímseyri 11

## Djúpivogur

Salar Islandica ehf
Bakka 1

## Höfn

Bílverk
Víkurbraut 4
Bókhaldsstofan ehf.
Krosseyjarvegi 17
Hornabrauð ehf
Dalbraut 10
Kaffi Hornið ehf
Hafnarbraut 42
Mikael ehf.
Norðurbraut 7
Öryggi og gæsla ehf.
Hlíðartúni 5

## Selfoss

Bílaþjónusta Péturs ehf.
Vallholti 17
Borgarhús hf.
Minni-Borg, Grímsnesi
Bókaútgáfan Björk
Birkivöllum 30
Dýralæknaþjónusta Suðurlands ehf
Stuðlum
Hitaveita frambæja
Skarði
Holræsa- og stífluþjónusta suðurlands ehf.
Miðtúni 14
Málflutningsskrifstofan ehf
Austurvegi 6
Nesey ehf.
Suðurbraut 7
Raföld ehf.
Grásteini Ölfusi
S.G. hús hf.
Austurvegi 69
Set ehf.
Eyravegi 41
Sýslumaðurinn á Selfossi
Hörðuvöllum 1
Tindaborgir ehf.
Gagnheiði 55
Tölvutak ehf
Eyrarvegi 27

## Hveragerði

Bílaverkstæði Jóhanns Garðarssonar
Austurmörk 13
Heilsustofnun N.L.F.Í.
Grænumörk 10

## Þorlákshöfn

Frostfiskur ehf.
Hafnarskeiði 6

## Laugarvatn

Ásvélar ehf.
Hrísholti 11

## Flúðir

Áhaldahúsið Steðji
Smiðjustíg 2
Flúðasveppir ehf.
Undirheimum

## Hella

Heflun ehf. Verktakaþjónusta
Lyngholti
Varahlutaverslun Björns Jóhannssonar
Lyngás 5, Box 1

## Hvolsvöllur

Eining sf
Gaularási
Kjörorka ehf.
Álfhólahjáleigu
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Austurvegi 6

## Vestmannaeyjar

Bifreiðaverkstæði Muggs
Strandvegi 65
Bílaverkstæði Sigurjóns
Flötum 20
Eyjavík ehf.
Vestmannabraut 23
Frár ehf.
Hásteinsvegi 49
Gæfa ehf
Illugagötu 7
Stígandi hf.
Básaskersbryggju 3
Tölvun ehf
Strandvegi 54





Bankastræti og Kvosin 1903. Ljósmynd: Pétur Brynjólfsson.
Bankastræti 2002. Ljósmynd: Anna Fjóla.

# Í takt við tímann

Fyrstu formlegu afskipti yfirvalda í Reykjavík af stöðu hrossa og vagna má rekja til ársins **1880** en fyrsti bílinn kom til landsins **1904**.

**1919** var farið að leggja gjöld á bílastæði bæjarins.

**1935** voru settar almennar takmarkanir á leyfilegan hámarkstíma stöðu bifreiða við nokkrar götur.

**1957** voru fyrstu stöðumælarnir settir upp í Reykjavík til að stýra notkun bílastæða.

**1988** hóf Reyjavíkurborg sérstakt eftirlit með bifreiðastöðum á gangstéttum og víðar.

**2006**
- eru liðlega 1200 stæði í sjö bílahúsum, 2000 við stöðu- og miðamæla og eitt nýtt bílahús er í undirbúningi,
- eftirlit tekið upp á einkalóðum með notkun bílastæða fyrir hreyfihamlaða,
- aukið samráð við íbúa um fjölgun gjaldskyldra bílastæða í íbúðargötum,
- aukið samráð við fyrirtæki og stofnanir með stýringu á notkun bílastæða á einkalóðum,
- unnt að greiða fyrir bílastæði með GSM-símum,
- – og fleiri nýjungar á döfinni.






Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

... svo í borg sé leggjandi

næst